# FRÉTTABLAÐIÐ

193. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 17. ÁGÚST 2018




**Gleði og sorg** Mikil gleði greip um sig er andarnefja, sem strandað hafði í Engey losnaði á flóði í gærkvöldi, tók við sér og synti til hafs. Að sama skapi var fólkið sem aðstoðaði dýrið sorgmætt yfir örlögum annarrar andarnefju sem einnig sat föst í fjörunni en drapst skömmu áður en kvöldflóðið frelsaði félaga hennar. Sjá síðu 4 og Fréttablaðið+ á netinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Mæla ekki með friðlýsingu sundhallar

**Minjastofnun telur sér ekki fært að eiga frumkvæði að því að leggja til friðlýsingu Sundhallar Keflavíkur. Þessi ákvörðun var tekin í kjölfar fundar húsafriðunarnefndar síðastliðinn mánudag. Nefndin lýsir yfir miklum vonbrigðum með framgöngu Reykjanesbæjar í málinu.**

**REYKJANESBÆR** „Ég er ósátt við þessa niðurstöðu og finnst hún í raun óskiljanleg. Þarna er verið að átelja sveitarfélagið fyrir að hafa ekki staðið sig við að vernda menningarminjar,“ segir Ragnheiður Elín Árnadóttir, formaður Hollvinasamtaka Sundhallar Keflavíkur.

Minjastofnun ákvað á fundi á þriðjudag að eiga ekki frumkvæði að því að leggja til friðlýsingu Sundhallar Keflavíkur við mennta- og menningarmálaráðherra. Var það gert í ljósi málsatvika og að teknu tilliti til faglegrar niðurstöðu húsafriðunarnefndar á varðveislugildi hússins.

Húsafriðunarnefnd segist í bókun sammála niðurstöðu Hjörleifs Stefánssonar arkitekts um að sundhöllin hafi hátt menningarsögulegt gildi. Þá er lýst yfir miklum vonbrigðum með framgöngu Reykjanesbæjar í málinu.

Fyrir liggi að hvorki sé vilji né áhugi af hálfu sveitarfélagsins og eiganda að stuðla að varðveislu hússins. Ennfremur segir í bókuninni að nefndin telji sveitarfélög bera skyldur gagnvart varðveislu menningararfs í nærumhverfi sínu.

Engu að síður telur nefndin heildarniðurstöðu varðveislumats ekki nægja til að hún geti mælt með friðlýsingu sundhallarinnar. Minjastofnun telur eindregna afstöðu sveitarfélagsins og eiganda hússins valda því að enginn flötur virðist vera á lausn sem almenn sátt gæti náðst um.

Ragnheiður Elín segir að Hollvinasamtökin hafi ekki gefið upp alla von um varðveislu sundhallarinnar.

„Við höfum óskað eftir fundi með Minjastofnun og verður hann haldinn í næstu viku. Við viljum fá skýringar á þessu og finnst að kafa þurfi betur ofan í þetta.“

Ragnheiður Elín veltir fyrir sér stöðu nýrrar bæjarstjórnar. „Vill hún fá sama dóminn um að skeyta engu um menningarminjar og sögufrægar byggingar?“ spyr hún.

Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, segir að málinu sé lokið með þessari ákvörðun Minjastofnunar.

„Niðurstaðan liggur fyrir og við erum fegin að þessu sé lokið,“ segir Kjartan.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti í mars síðastliðnum deiliskipulag þar sem niðurrif sundhallarinnar var heimilað. Samkvæmt skipulaginu má reisa fimm hæða hús á lóðinni. – **sar**

## Segja erfitt að ræða misréttið í fótboltanum

**ÍÞRÓTTIR** Fyrrverandi liðsfélögum Þóru Helgadóttur í landsliðinu í knattspyrnu finnst erfitt að rifja upp þá reynslu sem Þóra lýsti af kynjamisrétti í landsliðum í knattspyrnu í gær, þar á meðal um ólík viðhorf og aðbúnað kvennaliðsins og karlaliðsins og sérstaklega framkomu fyrrverandi landsliðsþjálfara í garð liðsmanna íslenska kvennalandsliðsins.

Ein þeirra segir það hafa áhrif að enginn hafi tekið mark á þeim þegar þær kvörtuðu á sínum tíma. – **aá** / **sjá síðu 2**



## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Katrín Atladóttir borgarfulltrúi spyr hvort ráðdeild ríki í Reykjavík. 16

**SPORT** Stjarnan og Breiðablik mætast í fyrsta sinn í úrslitum bikarsins. 18

**MENNING** Svanurinn, mynd Ásu Helgu Hjörleifsdóttur, er kominn í almennar sýningar í stórborgum Ameríku. 26

**LÍFIÐ** Hljóðmaður Guns N' Roses endaði óvænt á Bræðslunni. 34

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** • **FÓLK** • **LÍFIÐ**




*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Gengur í austan- og norðaustanátt og verður sums staðar strekkingur sunnan- og vestanlands. Búast má við vætu um mestallt land, minnst þó á Vesturlandi. SJÁ SÍÐU 22



**Vigdís Hauksdóttir borgarfulltrúi.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Ásakanir ganga á víxl í ráðhúsi

**REYKJAVÍKURBORG** Vigdís Hauksdóttir, borgarfulltrúi Miðflokksins, birti í gærkvöld tölvuskeyti sem vísað var til í bókun sem hún, ásamt fulltrúum Sjálfstæðisflokks og Flokks fólksins, lagði fram á fundi borgarráðs í gær.

Í bókuninni segir að borgarritari, Stefán Eiríksson, hafi haft í hótunum við kjörinn fulltrúa er hann sendi Vigdísi tölvuskeyti þess efnis að hún hafi brotið trúnað er hún hafi á Facebook fjallað um umræðu sem fór fram á fundi borgarráðs 31. júlí.

Á Facebook í gær sagði Vigdís borgarritara hafa ranglega sakað sig um trúnaðarbrot í tölvupóstinum. „Ég lít svo á að hér sé um harðorðan hótunarpóst að ræða frá embættismanni til kjörins fulltrúa,“ skrifaði borgarfulltrúinn.

Stefán segir í póstinum til Vigdísar að hann hafi aldrei áður staðið frammi fyrir því „að borgarfulltrúi hafi brotið trúnað með því að miðla upplýsingum sem veittar voru í trúnaði á fundi borgarráðs. Ég hef heldur ekki staðið frammi fyrir því að borgarfulltrúi hafi rangfært niðurstöður í viðkvæmu dómsmáli og úttalað sig um það opinberlega að tiltekinn starfsmaður Reykjavíkurborgar hafi lagt annan starfsmann í einelti. Þá hef ég heldur ekki staðið frammi fyrir því að borgarfulltrúi hafi miðlað opinberlega viðkvæmum persónuupplýsingum í viðkvæmu starfsmannamáli í starfi mínu hjá Reykjavíkurborg“. **– la**

## Grillað á Hrafnistu



**Árleg sumargrillveisla var á Hrafnistu í Garðabæ í gær . Nutu heimilismenn og fjölskyldur þeirra kræsinga í garði heimilisins. Óhætt er að segja að skipuleggjendur hafi hitt á réttan dag því rjómablíða lék við gestina eins og aðra á höfuðborgarsvæðinu - aldrei þessu vant.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR



**Viðgerð á Ölfusárbrú hófst síðastliðinn mánudag.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Á undan áætlun með Ölfusárbrú

**SAMGÖNGUR** Vegagerðin hyggst opna Ölfusárbrú fyrir umferð á hádegi í dag, þremur dögum fyrr en upphafleg áætlun gerði ráð fyrir.

Viðgerðir á brúnni fólu í sér að steypt var nýtt brúargólf enda var brúin orðin mjög slitin með djúpum hjólförum. Hagstætt veður gerði það að verkum að verkið tók skemmri tíma en ella. Selfyssingar og aðrir sem leið eiga um þessar slóðir þurfa því ekki að fara langar hjáleiðir til að komast erinda sinna. **– gar**




# Erfitt að ræða misréttið segja landsliðskonur

**Fyrrverandi félögum Þóru Helgadóttur í kvennalandsliðinu finnst erfitt að ræða það kynjamisrétti í íslenskri knattspyrnu á síðustu áratugum sem Þóra lýsti í gær. Þær gleðjast með stelpum sem spila í dag enda hafi mikið vatn runnið til sjávar.**

**ÍÞRÓTTIR** „Mér fannst jafnerfitt að lesa þetta eins og eflaust flestum þeim sem áttu einhverja aðkomu að þessu á sínum tíma,“ segir Guðlaug Jónsdóttir, fyrrverandi landsliðskona í knattspyrnu um fréttaumfjöllun af fyrirlestri Þóru Helgadóttur, fyrrverandi landsliðsmarkmanns, um fyrstu ár sín í landsliðinu.

Í fyrirlestrinum lýsti Þóra slæmum aðbúnaði í kvennaboltanum og ólíkum viðhorfum innan knattspyrnusambandsins til karla- og kvennaboltans. Hún tók sláandi dæmi af æfingum undir stjórn fyrrverandi landsliðsþjálfara sem var rekinn eftir kvartanir landsliðskvenna vegna framkomu hans í garð leikmanna.

Guðlaug segir frásagnir Þóru ríma mjög við sína upplifun frá þessum tíma. Aðrir leikmenn sem Fréttablaðið hefur rætt við eru sammála því en vilja ekki ræða málið frekar. Aðspurð um ástæður þess segir Guðlaug mjög erfitt að ræða þetta.

„Kannski vegna þess að þegar við vorum að opna okkur um þetta á sínum tíma var okkur ekki trúað eða lítið gert úr þessu. Svo þegar sannleikurinn kemur fram í dag þá fá bara allir sjokk, sem sýnir að staðan er bara allt önnur í samfélaginu í dag.“ Hún nefnir sem dæmi að Eddu Garðarsdóttur og Þóru Helgadóttur hafi verið kennt um að vera einhverjir forsvarsmenn í máli þjálfarans á sínum tíma í blaðaviðtali við þjálfarann árið 2013.

„Það er kolrangt. Það er hægt að skoða hverjar voru elstar og leikjahæstar og það eru þær sem voru forsvarsmenn í þessu máli og alls ekki þær sem voru nýbyrjaðar í landsliðinu,“ segir Guðlaug sem er tíu árum eldri en Þóra. Hún segir það hafa verið erfiða ákvörðun að stíga fram og kvarta undan þjálfaranum enda hafi þær allar verið stoltar af að hafa spilað með landsliðinu og að hafa verið valdar í landsliðið.




**Þóra spilaði með kvennalandsliðinu í tæpa tvo áratugi.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **Þegar við vorum að opna okkur um þetta á sínum tíma var okkur ekki trúað eða lítið gert úr þessu.**
>
> Guðlaug Jónsdóttir, fyrrverandi landsliðskona

Sjálf segir Þóra að það hafi verið erfitt að segja frá þessu núna. „En ég mat það sem svo að þetta væri mikilvægt inn í þessa umræðu og ég var nú beðin um að lýsa því hvernig væri að vera kona í karlaheimi.“

Þóra og Guðlaug segjast báðar ánægðar með þær breytingar sem orðið hafa í kvennaboltanum á síðasta áratug. „Andrúmsloftið er allt annað í dag,“ segir Þóra og hrósar mjög núverandi forystu KSÍ og Guðna Bergssyni formanni.

Aðspurð nefnir hún bónusgreiðslur og undirbúninginn fyrir EM í fyrra, en hún fór sjálf á EM þar á undan og segir muninn hafa verið augljósan. „Maður var bara virkilega stoltur og glaður fyrir hönd stelpnanna og uppskeru þeirra.“ Hún segir jafnréttisuppskeruna í boltanum vera uppskeru kvennanna sjálfra að miklu leyti. „Það er ekki bara mín kynslóð heldur kynslóðirnar á undan,“ segir Þóra og bætir við: „Stelpur eins og Ásthildur, Olga, Vanda, Ásta B. og fleiri konur sem byrjuðu þetta allt. Án þeirra værum við ekki þar sem við erum í dag.“ **adalheidur@frettabladid.is**


Brandenburg / SÍA
HLAUPTU
ÞAÐ BORGAR SIG
hlaupastyrkur.is
rmi.is
180818
#rvkmarathon
REYKJAVÍKUR
MARAÞON
ÍSLANDSBANKA
Taktu þátt í Reykjavíkurmaraþoni Íslandsbanka
á morgun og styrktu gott málefni á hlaupastyrkur.is

# Borgin hefur varið 11,3 milljónum í sálfræðinga vegna eineltismála

**REYKJAVÍKURBORG** „Upphæðin er slík að ég sé fyrir mér enn meiri ástæðu til að færa þessi mál betur inn í borgina og mannauðsdeildina,“ segir Kolbrún Baldursdóttir, borgarfulltrúi Flokks fólksins, um kostnað borgarinnar við aðkeypta þjónustu sjálfstætt starfandi sálfræðinga vegna eineltismála.

Í svari við fyrirspurn Kolbrúnar um kostnaðinn, sem birtist í fundargerð borgarráðs í gær, kemur fram að kostnaðurinn hafi numið rúmum 11,3 milljónum króna síðastliðin fimm ár.

Borgarráð samþykkti í júlí síðastliðnum tillögu Kolbrúnar um stofnun stýrihóps um endurskoðun gildandi stefnumótunar borgarinnar gegn einelti, áreitni og ofbeldi. Hugmyndin er að Kolbrún fari fyrir hópnum og nýti þar áralanga reynslu sína sem sálfræðingur á þessu sviði.

„Markmiðið er að borgin eigi að geta sinnt stofnunum borgarinnar betur í þessum málum og þurfi ekki að leita alltaf út á við, því það kostar auðvitað mjög mikið. Ég vil koma inn með verkferla, tillögur að forvörnum og úrvinnslu mála enda hef ég verið lengi að vinna í þessum málum sjálf,“ segir Kolbrún sem kveðst í tengslum við tillögu sína um stofnun þessa stýrihóps hafa viljað fá að vita hvað borgin væri að borga fólki úti í bæ fyrir að taka á þessum málum.



**Kolbrún Baldursdóttir, borgarfulltrúi Flokks fólksins.**

„Það er mannauðsdeild hér á vegum borgarinnar og jafnvel þótt einhver tengsl séu þá er lítið mál að láta viðkomandi víkja og kalla annan inn, búa til öflugt teymi. Eins þegar stofnanir borgarinnar eru með yfirmann sem verið er að kvarta yfir, þá þarf borgin að geta tekið á þessum málum af fagmennsku.“

Í svarinu segir að mannauðsdeild ráðhússins og mannauðsþjónustur fagsviða sinni forvörnum í tengslum við samskiptamál og vinnustaðarmenningu starfsstaða. **– smj**

## Mánaðarlaunin tvær milljónir

**MOSFELLSBÆR** Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri í Mosfellsbæ, hefur skrifað undir nýjan ráðningarsamning. Mánaðarlaun hans verða tæpar tvær milljónir króna.



**Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri í Mosfellsbæ.**

Ný bæjarstjórn hefur gengið frá ráðningu Haraldar, sem hefur verið bæjarstjóri síðan haustið 2007. Í ráðningarsamningi segir að launin skuli vera samkvæmt úrskurði kjararáðs um laun ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytis. Hann fær greiddar 50 einingar af yfirvinnu á mánuði og fær greitt fyrir 1.200 kílómetra akstur á eigin bíl á mánuði.

Föst laun Haraldar, miðað við launatöflu kjararáðs, nema 1.339.043 krónum á mánuði. Fyrir 50 yfirvinnustundir fær Haraldur 478.650 en vegna aksturs fær hann 129.800 krónur á mánuði. Samtals nema launagreiðslurnar 1.947.493 krónum á mánuði. **– bg**

**LEIÐRÉTTING**

*Í Fréttablaðinu í gær var ranglega sagt að 33 lögaðilar hefðu styrkt Miðflokkinn um 200 þúsund krónur eða meira í fyrra. Rétt er að 33 lögaðilar styrktu flokkinn alls, um upphæðir á bilinu 50-400 þúsund.*

FRÉTTABLAÐIÐ
**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.

# Björguðu andarnefju úr Engey

**Björgunarfólki tókst í gærkvöld að koma á flot annarri af tveimur andarnefjum sem strönduðu í fjörunni í Engey í gær. Talið var að hún myndi spjara sig. Hin andarnefjan drapst skömmu áður en flæddi að henni.**



**Andarnefjan sem var ofar í fjörunni lifði ekki strandið af en hinn hvalurinn náðist lifandi á flot.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**NÁTTÚRA** Andarnefja sem lifði af strand við Engey komst á flot á níunda tímanum í gærkvöld og synti þá við Reykjavíkurhöfn í fylgd björgunarsveitarmanna.

„Við erum búin að koma öðru dýrinu út og það er byrjað að synda. Það er einn á sæþotu og annar á bát að fylgja því áleiðis að koma sér út,“ sagði Sverrir Tryggvason, starfsmaður hvalaskoðunarfyrirtækisins Special Tours, í samtali við frettabladid.is, vef Fréttablaðsins, eftir að andarnefjan náðist á flot á kvöldflóðinu.

„Dýrið er mjög laskað og mjög veikburða. Það er hálfgert kraftaverk að við höfum náð því á flot lifandi,“ bætti Sverrir við. „En nú verður að fylgja því eftir og koma því út á dýpra svæði. Hún reynir þá vonandi að finna hópinn sinn. Við vonum það besta.“

Sverrir sagði að andarnefjunni yrði fylgt fram í myrkur. Eftir það yrði lítið meira hægt að gera.

Hin andarnefjan drapst er reynt var að snúa henni við, skömmu áður en sjór flæddi að dýrinu. „Við vorum að reyna að snúa henni við og það gæti verið að hún hafi ekki þolað það. Hún hafði hreyft sig svo mikið. Hún lá á hliðinni og við vorum að reyna að koma henni á réttan kjöl. Hún var líka búin að missa mikið af blóði og kramdist eflaust undan eigin þunga,“ sagði Sverrir þegar ljóst var að hvalurinn væri dauður.

> **Dýrið er mjög laskað og mjög veikburða. Það er hálfgert kraftaverk að við höfum náð því á flot lifandi.**
>
> Sverrir Tryggvason, starfsmaður hvalaskoðunarfyrirtækisins Special Tours

Mikið lið björgunarfólks tók þátt í að reyna að halda lífi í hvölunum, bæði frá hvalaskoðunarfyrirtækjum og frá björgunarsveitinni Ársæli. Sjódælur frá Faxaflóahöfn voru fluttar út í Engey.

> **Hvalasérfræðingur telur andarnefjurnar hafa villst upp í land þegar þær voru í fæðuleit.**

Edda Elísabet Magnúsdóttir hvalasérfræðingur sagði andarnefjurnar í eins góðum höndum og hægt væri að búast við miðað við aðstæður. Báðir hvalirnir hafi verið kvendýr. Edda sagði þær hafa gengið í gegnum mikið streitutímabil við strandið. Dýrunum hafi verið haldið blautum og reynt hafi verið að koma öndun þeirra í lag. Reynt yrði að aðstoða þá sem lifði til að komast eins langt út og hægt væri.

Að sögn Eddu voru aðstæður svipaðar því sem var fyrr í vikunni er grindhvalatorfa var strand í Kolgrafafirði. Líklega hafi hvalirnir í báðum tilfellum villst í matarleit. Báðar tegundirnar séu djúpsjávarhvalir sem koma nærri landi þegar smokkfiskurinn fer upp að landi eða ef þeir eru að forða sér undan hættu eða hljóðmengun. Edda taldi þó líklegt að andarnefjurnar hefðu villst í ætisleit. **lovisa@frettabladid.is**

**Sjá nánar á Fréttablaðið+**
Sjáðu fleiri myndir af hvölunum á plúsnum.



# 20% AFSLÁTTUR!

## ALLAR NÝJAR NÁMSBÆKUR

# SKIPTIBÓKA BÓNUS! +400 kr.

Penninn Eymundsson
Smáralind, Kringlan, Hallarmúli, Austurstræti,
Hafnarfjörður, Keflavík, Akranes, Akureyri, Ísafjörður,
Húsavík, Vestmannaeyjar.
KT:560109-0670 VSK:100269

**VÖRUSKIL**

| Lýsing | | Upphæð |
|---|---|---|
| **SKIPTIBÓKABÓNUS** | | |
| **+ 400** kr. fyrir hverja bók | | |
| Stærðfræði | 1 stk. | 2.320 |
| Skiptibókabónus | | 400 |
| Líffræði | 1 stk. | 2.400 |
| Skiptibókabónus | | 400 |
| Samtals kr. | | 4.720(+800) |
| Inneignarnóta - | | 5.520 |

Fyrir hverja bók sem þú skilar
færðu auka 400 kr. inneign.
Þökkum viðskiptin




FYRIR HVERJA SKIPTIBÓK SEM ÞÚ SKILAR
**FÆRÐU 400 KRÓNUR Í BÓNUS!**

## GILDIR TIL 20. ÁGÚST

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

400 kr. bónus og 20% af nýjum námsbókum gildir til og með 20. ágúst. Penninn Eymundsson áskilur sér rétt á að neita móttöku skiptibóka.









Hvalasérfræðingurinn Edda Elísabet Magnúsdóttir var í Engey í gær og tók þátt í björgunaraðgerðum. Í samtali við Fréttablaðið kvaðst Edda telja líklegast að andarnefjurnar tvær hefðu villst upp í fjöru þegar þær voru í ætisleit. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR





Björgunarfólk lagði hart að sér við að aðstoða andarnefjunnar sem villtust á land í Engey í gær. Notuð voru handklæði til að halda hvölunum blautum og fljótlega voru tvær sjódælur fluttar úr landi til að hægt væri að sprauta yfir skepnurnar sem börðust fyrir lífi sínu í kapphlaupi við tímann. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR









Brynhildur Pétursdóttur, framkvæmdastjóri samtakanna, varð ekki við áskorunum um formannsframboð. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## Sex vilja setjast í formannsstól

**SAMFÉLAG** Sex gefa kost á sér í formannskjöri hjá Neytendasamtökunum. Framboðsfrestur rann út á miðnætti í gær. Ný forysta verður kosin á þingi samtakanna í október.

Í framboði eru Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formaður Hagsmunasamtaka heimilanna, Breki Karlsson, forstöðumaður Stofnunar um fjármálalæsi, Guðmundur Hörður Guðmundsson, fyrrverandi formaður Landverndar, Guðjón Sigurbjartsson viðskiptafræðingur, Jakob S. Jónsson, leiðsögumaður og leikari, og Rán Reynisdóttir hársnyrtimeistari.

Neytendasamtökin hafa verið án formanns frá því Ólafur Arnarson sagði af sér formennsku 10. júlí í fyrra eftir stutta og stormasama formannstíð. Lög félagsins gera ekki ráð fyrir frávikum frá hefðbundnu formannskjöri á þingi félagsins sem haldið er á tveggja ára fresti. **– aá**

## Baráttukona fallin frá



Drottning sálartónlistarinnar, Aretha Franklin, lést á heimili sínu í Detroit í gær, 76 ára að aldri. Aretha þótti bera með sér ferskan femínískan blæ með helstu smellum sínum frá sjöunda áratugnum á borð við Think, Respect, Natural Woman. Söngkonan fylgdi demókrötum að málum og tók virkan þátt í réttindabaráttu svartra í Bandaríkjunum ásamt Martin Luther King sem var tíður gestur á æskuheimili hennar. NORDICPHOTOS/GETTY







# Fimmtán sem biðu eftir plássi á Vogi dóu í fyrra

**Fimmtán þeirra einstaklinga sem biðu eftir meðferð á Vogi í fyrra létust áður en til meðferðar kom. Ellefu af biðlistanum létust árið 2016. Valgerður Rúnarsdóttir, yfirlæknir á Vogi, gagnrýnir heilbrigðisyfirvöld og segir orð duga skammt.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Fimmtán einstaklingar sem voru á biðlista eftir meðferð á Vogi í fyrra létust áður en til meðferðar kom. Ellefu einstaklingar sem biðu meðferðar létust árið 2016. Þetta kemur fram í svari heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Söru Elísu Þórðardóttur sem birt var á vef Alþingis í gær.

Í svari ráðherra kemur einnig fram að um það bil þriðjungur þeirra sem fara á biðlista skili sér ekki í meðferð, ýmist hætti við, mæti ekki til innlagnar eða ekki náist í viðkomandi.

„Biðlistar eru slæmir, best er að geta komið til móts við fólk þegar það biður um aðstoð en ekki vikum eða mánuðum síðar. Þá getur margt hafa breyst," segir Valgerður Rúnarsdóttir, yfirlæknir á Vogi.

Aðspurð segir Valgerður að SÁÁ hafi ekki upplýsingar um dánarorsakir þeirra sem létust meðan þeir biðu meðferðar. Bráðveikir fá þjónustu í heilbrigðiskerfinu öllu sem fyrr.

Töluvert hefur verið rætt um aukna tíðni dauðsfalla hér á landi vegna vímuefnanotkunar. Í erindi Þórarins Tyrfingssonar um efnið á Læknadögum í janúar kom fram að í fyrra hafi 32 áfengis- og vímuefnasjúklingar undir fertugu látist. Þar af var tæpur helmingur undir þrítugu. Á árinu 2016 létust 27 undir fertugu þar af níu undir þrítugu. Tölur á borð við þessar hafi ekki sést frá því í kringum aldamót en fíkn í sterkari ópíóíða hafi byrjað að vaxa aftur árið 2013 og náð áður óþekktri stærð árið 2016.

Tölurnar sem Þórarinn byggði erindi sitt á eru sóttar í gagnagrunn Vogs sem nær yfir um það bil 25 þúsund einstaklinga. Hann segir fjölgun á ótímabærum dauðsföllum meðal hinna yngri í grunninum gefa vísbendingu um að auka þurfi og bæta bráðaþjónustu við þetta fólk en þjónustan er í höndum Vogs, bráðamóttöku Landspítalans, sjúkraflutninga og lögreglu. Um fjársveltar stofnanir sé að ræða og biðlistar hafi aldrei verið lengri.



Yfir tvö þúsund manns eru skráð á biðlista hjá SÁÁ. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

> Að tala um að það vanti úrræði og fjölbreytni er eitt en annað að greiða ekki einu sinni fyrir þau mörgu úrræði sem eru veitt, það er sérstakt.



Valgerður Rúnarsdóttir, yfirlæknir á Vogi.

Í svari ráðherra kemur einnig fram að fram undan sé stefnumótun um meðferðarúrræði vegna fíknivanda. Fjölbreytileiki og framboð meðferðarúrræða verði meðal þess sem farið verði yfir í þeirri vinnu.

Valgerður segir að meðferðarúrræðin þurfi að vera fjölbreytt og þau hjá SÁÁ myndu gjarnan vilja gera miklu meira, til dæmis hafa öflugri göngudeild.

„Að tala um að það vanti úrræði og fjölbreytni er eitt en annað að greiða ekki einu sinni fyrir þau mörgu úrræði sem eru veitt, það er sérstakt. Ríkið sinnir því ekki. Orð duga skammt," segir Valgerður.

adalheidur@frettabladid.is




Bandalag íslenskra bílablaðamanna valdi Peugeot 3008 sem Bíl ársins 2018 á Íslandi úr hópi 30 bíla. Þetta er mikil viðurkenning á gæðum Peugeot sem hafa heillað heimsbyggðina, hann hefur unnið til 38 alþjóðlegra verðlauna. PureTech bensínvél bílsins hlaut þann heiður að vera valin Vél ársins fjórða árið í röð!

***KOMDU OG KEYRÐU TÍMAMÓTABÍLINN PEUGEOT 3008!***

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík**
Bíldshöfða 8
Sími 515 7040

**Brimborg Akureyri**
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

**Nýir og notaðir bílar:**
Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

**Peugeotisland.is**

# Raforka í brennidepli fyrir kosningar

**Sá möguleiki er fyrir hendi að Svíar muni þurfa að flytja inn raforku yfir vetrarmánuðina til að anna eftirspurn. Staða uppistöðulóna er víða léleg vegna skorts á regni í sumar. Framtíð orkusamkomulags frá 2016 er óviss. Kjarnorkuverum gæti fjölgað á nýjan leik í landinu.**

**SVÍÞJÓÐ** Komandi þingkosningar í Svíþjóð gætu haft mikið að segja um framtíð raforkumála í landinu. Tveggja ára gamalt þverpólitískt samkomulag um málaflokkinn gæti verið í hættu. Tveir flokkar hafa boðað að það verði fellt úr gildi eða því breytt að stórum hluta.

Í júní 2016 undirrituðu fulltrúar fimm flokka, af átta sem áttu fulltrúa á þinginu, nýtt orkusamkomulag. Kvað það meðal annars á um að árið 2040 skyldi Svíþjóð knúin að öllu leyti með endurnýjanlegum orkugjöfum. Þá fól það einnig í sér að fjögur kjarnorkuver, af þeim tíu sem nú eru starfandi, skyldu hætta starfsemi árið 2020. Sem stendur á ríflega helmingur sænskrar orku rætur að rekja til vatnsaflsvirkjana en um þriðjungur kemur frá kjarnorkuverum. Þá skyldi útblæstri frá jarðefnaeldsneyti hætt árið 2045.

Samkomulagið batt enda á ríflega þrjátíu ára deilu um kjarnorku í ríkinu. Mörg kjarnorkuvera landsins eru komin til ára sinna og kostnaðarsamt gæti orðið að útbúa þau þannig að þau uppfylli þær öryggiskröfur sem nú eru gerðar til slíkra vera. Því var tekin ákvörðun um að loka fjórum þeirra. Framtíð hinna sex er nokkuð óviss.

Gífurlegir þurrkar hafa verið í Svíþjóð þetta sumarið en grillbann hefur verið í gildi í stórum hlutum landsins vegna hættu á skógareldum. Eðli málsins samkvæmt hefur þurrviðrið haft áhrif á vatnsmagn í uppistöðulónum landsins. Orkunýting í sumar hefur verið með mesta móti til að mæta hitanum og hefur það haft áhrif á orkuverð. Teikn eru á lofti um að í vetur verði ekki næg orka til að anna eftirspurn og hefur dreifingaraðilinn Svenska Kraftnat sagt að í mesta vetrarkuldanum gæti Svíþjóð þurft að flytja inn raforku vegna þessa. Staðan nú sé slík að verði ekkert gert muni orkuverð hækka umtalsvert.

Málið er orðið eitt af þeim stærstu fyrir komandi kosningar ásamt málefnum sem varða innflytjendur og flóttamenn. Frambjóðendur Svíþjóðardemókrata hafa gefið út að þeir stefni að því að fella samkomulagið úr gildi. Lokun kjarnorkuvera verði slegin út af borðinu og möguleikar á aukinni nýtingu kjarnorku kannaðir frekar. Við undirbúning samkomulagsins var Svíþjóðardemókrötum ekki boðið að samningaborðinu. Að því stóðu stjórnarflokkarnir tveir, Græningjar og Sósíaldemókratar, auk Miðflokksins, Hægriflokksins og Kristilegra demókrata. Síðastnefndi flokkurinn hefur undanfarið gefið út að staðan nú kalli á að samkomulagið verði endurskoðað að stórum hluta.

„Styrkleiki samkomulagsins felst í því að það er þverpólitískt," segir í svari orkumálaráðherrans Ibrahims Baylan við fyrirspurn Bloomberg. „Þetta er í fyrsta sinn í sögu Svíþjóðar sem fimm flokkar af báðum hliðum stjórnmálanna koma saman og samþykkja orkumarkmið."

„Samkomulagið er í raun tóm skel sem skortir smáatriði og útfærslur," segir Runar Brannlund, yfirmaður hagfræðirannsókna við háskólann í Umeå. „Það tekur ekki á því hvað skuli gera þegar það er lygnt eða þegar sólin sést ekki."

joli@frettabladid.is



**Samkvæmt samkomulaginu skal landið knúið að fullu af endurnýjanlegum orkugjöfum 2040.** NORDIC PHOTOS/GETTY

### Staðan í sænskum stjórnmálum sem stendur

| Flokkur | Kosningaúrslit 2014 | Kannanir nú |
|---|---|---|
| Hægriflokkurinn | 23,2% (85 þingmenn) | 19,5% |
| Frjálslyndir | 5,4% (19 þingmenn) | 5,1% |
| Miðflokkurinn | 6,2% (21 þingmenn) | 9,4% |
| Sósíaldemókratar | 31,0% (113 þingmenn) | 24,2% |
| Svíþjóðardemókratar | 12,9% (49 þingmenn) | 20,7% |
| Græningjar | 6,9% (25 þingmenn) | 5,0% |
| Vinstriflokkurinn | 5,7% (21 þingmenn) | 9,9% |
| Kristilegir demókratar | 4,6% (16 þingmenn) | 3,4% |
| Feminíska frumkvæðið | 3,1% (0 þingmenn) | 1,2% |



NISSAN INTELLIGENT MOBILITY

NISSAN
Innovation that excites

# TRYGGÐU ÞÉR NÝJAN
# NISSAN SPORTJEPPA
# MEÐ VEGLEGUM AUKAHLUTAPAKKA

**NISSAN QASHQAI**
Verð frá:
**3.650.000 kr.**

**NISSAN X-TRAIL**
Verð frá:
**4.950.000 kr.**




ENNEMM / SÍA / NM89221

# ALLT AÐ 350.000 KR. AUKAHLUTAPAKKI
FYLGIR NÝJUM NISSAN QASHQAI EÐA X-TRAIL

Nánari upplýsingar á **nissan.is**

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Risavaxið erfðamengi hveitis kortlagt

**Undanfarin 13 ár hafa vísindamenn um allan heim unnið að raðgreiningu og ítarlegri kortlagningu á erfðamengi brauðhveitis. Niðurstöðurnar voru birtar í gær og eru sagðar nauðsynlegar til að tryggja matvælaöryggi heimsbyggðarinnar á tímum loftslagsbreytinga.**

**ERFÐAFRÆÐI** Alþjóðlegur hópur vísindamanna – skipaður 200 erfða- og líffræðingum frá 73 rannsóknarstofnunum í 20 löndum – hefur lokið 13 ára verkefni sem miðaði að því að kortleggja að fullu erfðamengi hveitis. Áfanginn þykir marka þáttaskil í því langtíma verkefni að tryggja hnattrænt fæðuöryggi en hveiti tekur til eins fimmta af öllum hitaeiningum sem mannkyn neytir á ári.

Niðurstöðurnar voru birtar í gærkvöldi í vísindaritinu Science. Í niðurstöðunum er að finna upplýsingar sem lýsa af mikilli nákvæmni um 94 prósentum af erfðamengi hveititegundarinnar Triticum aesticum L. Upplýsingarnar munu nýtast í ræktun annarra tegunda hveitis, en þær eru birtar með þeim hætti að mögulegt er að staðsetja vissar táknraðir í erfðamenginu.

Þetta þýðir að ræktendur hveitis munu nú eiga auðveldara með að hámarka uppskeru sína með því að eiga við erfðaefni plöntunnar.

„Gert er ráð fyrir því að árið 2050 muni heimurinn þurfa 60 prósent meira hveiti en er framleitt nú til að mæta eftirspurn,“ segir Cristobal Uauy, verkefnastjóri hjá John Innes-miðstöðinni á Bretlandi og sérfræðingur í erfðafræði nytjaplantna. „Við höfum aldrei verið í betri aðstöðu en núna að auka uppskeru, til að rækta plöntur með hærra næringargildi og að búa til tegundir sem munu þola áhrif loftslagsbreytinga betur.

„Þökk sé niðurstöðunum sem við birtum nú ásamt kollegum okkar ytra höfum við aldrei verið í betri aðstöðu en nú til að auka uppskeru, til að rækta plöntur sem hafa hærra næringargildi og til að búa til ný afbrigði sem þola áhrif loftslagsbreytinga betur.“

Uppskera hveitis hefur dregist saman víða um heim sökum breytinga á veðurfari, sjúkdóma og ágangs skordýra. Þetta er þróun sem á sér stað á sama tíma og mannfölki fjölgar hratt. Alþjóðlegu samtökin um raðgreiningu hveitis (IWAC), sem stutt hafa verkefnið undanfarin ár, segja dýpri þekkingu á erfðaefni hveitis nauðsynlega til að forðast matarskort í framtíðinni.

Lengi vel var það talið ómögulegt að raðgreina erfðamengi hveitis, þá fyrst og fremst sökum þess hversu risavaxið og flókið það er. Það er fimm sinnum stærra en erfðamengi mannsins.

kjartanh@frettabladid.is



Dýpri þekking á erfðamengi hveitis er sögð vera forsenda þess að hægt verði tryggja fæðuöryggi. NORDICPHOTOS/GETTY

> **Gert er ráð fyrir því að árið 2050 muni heimurinn þurfa að framleiða 60 prósent meira hveiti en hann gerir nú**
>
> Cristobal Uauy, verkefnastjóri hjá John Innes-miðstöðinni

### Erfðamengi hveitis – 35 sinnum stærra en erfðamengi hrísgrjóna




**10.000**
ára gamalt

Maðurinn hefur ræktað og neytt hveitis frá upphafi siðmenningarinnar

### Hveiti er framleitt um allan heim

| **6** | **749** | **220** |
|---|---|---|
| heimsálfur | milljón tonn voru framleidd í BNA árið 2016 | hektarar voru ræktaðir 2016 |

Helstu framleiðendur eru Bandaríkin, ESB, Indland og Kína

### Langmests af ræktuðu hveiti er neytt af mönnum

**67%**
af framleiddu hveiti eru til manneldis

**2,5**
milljarðar manna – fátækasti hluti mannkyns – reiðir sig á hveiti á hverjum degi

Hveiti er sú nytjaplanta sem mest er neytt af í heiminum

**Hver manneskja etur**
**65 kg**
af hveiti á ári

# Ellefu vikna bið eftir gjaldskrá póstsins

**Íslandspósti bar að senda Póst- og fjarskiptastofnun nýja gjaldskrá fyrir ellefu vikum. Gjaldskráin er nú til meðferðar hjá stjórnvaldinu. Framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda segir dráttinn þegar hafa bitnað á notendum póstþjónustunnar sem séu að borga of mikið.**

**STJÓRNSÝSLA** Í upphafi árs lagði Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) fyrir Íslandspóst ohf. að endurskoða gjaldskrá sína innan einkaréttar eigi síðar en 1. júní 2018. Ný gjaldskrá vegna ákvörðunarinnar hefur ekki enn verið birt. Málið er sem stendur í ferli hjá PFS.

Á haustmánuðum síðasta árs tilkynnti Íslandspóstur PFS þá fyrirætlun sína að fækka dreifingardögum bréfpósts í þéttbýli frá og með 1. febrúar þessa árs. Ástæðan var breytt rekstrarumhverfi en á sama tíma og íbúum hefur fjölgað hefur gífurlegur samdráttur verið í bréfsendingum innan einkaréttar.

Bréfsendingar hafa dregist saman um rúmlega helming síðan árið 2007. Verð bréfpósts hefur því hækkað verulega umfram eðlilegar kostnaðarhækkanir undanfarin ár. Til dæmis má nefna að frá því í október 2011 hefur verð fyrir bréfpóst innanlands hækkað um ríflega hundrað prósent en önnur þjónusta Íslandspósts hækkað öllu minna. Verð á pakkasendingum hefur til að mynda hækkað um tæplega sjöttung á sama tímabili.

Þrátt fyrir þjónustuskerðingu hugðist Íslandspóstur halda sömu verðskrá fyrir bréf innan einkaréttar. Á þetta féllst PFS ekki. Í ákvörðun stofnunarinnar frá 23. janúar segir meðal annars að „PFS [telji] að það hagræði sem ÍSP telur að verði við breytingarnar eigi að skila sér til þeirra notenda þjónustunnar sem við á hverju sinni“. Af þeim sökum var lagt fyrir Íslandspóst að ljúka endurskoðun á gjaldskrá innan einkaréttar fyrir 1. júní 2018 og senda PFS hana til samþykktar.

„Ákvörðunin var afdráttarlaus um það að Íslandspóstur ætti að endurskoða gjaldskrána eigi síðar en 1. júní. Nú hefur það dregist í tvo og hálfan mánuð. Það þýðir einfaldlega að notendur þjónustunnar eru að borga of mikið fyrir hana,“ segir Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda.

Ólafur bendir á að breytingin á dreifingardögunum hafi tekið gildi í byrjun árs og því hafi hagræðið af breytingunum skilað sér þangað þrátt fyrir ákvörðun PFS.

„Þetta er því miður enn eitt dæmið um að Íslandspóstur haldi uppi verðlagningu á þjónustu sem er í einkarétti. Á sama tíma er verðskrá fyrir samkeppnisrekstur einkennilega lág og hefur lítið breyst,“ segir Ólafur.

Hann bætir því við að miðað við ákvörðun PFS hafi notendur mátt vænta þess að það yrði verðbreyting þann 1. júní. Að sú breyting sé að dragast á langinn sé fullkomlega óviðunandi.

„Við hvetjum PFS til að taka fastar á þessum samkeppnisháttum Íslandspósts. Að okkar mati hefur stofnunin ekki staðið sig nógu vel við að fylgja eftir lögum og reglum og eigin ákvörðunum,“ segir Ólafur.

Tillögur að breyttri verðskrá Íslandspósts bárust PFS tæpum mánuði síðar en ákvörðunin kvað á um. Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri PFS, segir að í ákvörðuninni hafi ekki falist að birta ætti nýja verðskrá 1. júní heldur senda hana þá til PFS. Málið sé nú til meðferðar hjá stofnuninni. joli@frettabladid.is




Bréfsendingum fækkað um meira en helming á áratug. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Þetta þýðir einfaldlega að notendur þjónustunnar eru að borga of mikið fyrir hana.**



Ólafur Stephenssen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda



HLAUPARAR!
GANGI YKKUR VEL!
ARNAR PÉTURSSON,
MARAÞONHLAUPARI OG MEÐLIMUR
Í AFREKSHÓPI HLEÐSLU
HLEÐSLA
ÍÞRÓTTADRYKKUR
100%
HÁGÆÐA
PRÓTEIN
HLEÐSLA
ÍÞRÓTTADRYKKUR
HLEÐSLA
KOLVETNASKERT
HLEÐSLA
ÍÞRÓTTADRYKKUR
FACEBOOK.COM/HLEDSLA

# Ástand heimsins










1 Skólakrakkar á Indlandi fagna sjálfstæði landsins fyrir 72 árum. Léttur dans var stiginn í tilefni dagsins.
NORDICPHOTOS/AFP

2 Ungur drengur virðir fyrir sér altariskross í kirkju í þorpinu Letnica í Kósóvó. Móðir Teresa var í þorpinu á þriðja áratug síðustu aldar sem pílagrímur og heyrði þar köllun sína.
NORDICPHOTOS/AFP

3 Nýr forseti Paragvæ, Mario Abdo Benitez, sést hér ásamt eiginkonu sinni, Silvaniu Lopez Moriera, stuttu eftir að hann sór embættiseið í gær.
NORDICPHOTOS/AFP

4 Nokkrir flutningabílar voru skildir eftir á Morandi-brúnni eftir að hluti hennar hrundi með skelfilegum afleiðingum. Enn er leitað í rústunum að eftirlifendum.
NORDICPHOTOS/AFP

5 Múslimskir pílagrímar biðja við Kaaba, heilagasta helgidóm í íslam, í grennd við Stórmoskuna í Mekka. Múslimar hvaðanæva úr heiminum streyma nú til Mekka í Sádi-Arabíu í tilefni hinnar árlegu hadsj pílagrímsfarar.
NORDICPHOTOS/AFP






SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# OPIÐ HÚS Á MENNINGARNÓTT

Á Menningarnótt í Reykjavík býður Sinfóníuhljómsveit Íslands á tvenna tónleika í Eldborg. **Ókeypis** er á tónleikana og eru allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

Hægt er að nálgast miða í miðasölu Hörpu frá kl. 11 á tónleikadegi.

15:00

## FJÖLSKYLDUTÓNLEIKAR

Ungir hlustendur á öllum aldri fá að kynnast stuttlega þeim fjölbreyttu og skemmtilegu verkum sem flutt verða á Litla tónsprotanum, áskriftarröð fjölskyldunnar, í vetur. **Brynhildur Guðjónsdóttir** leikkona er kynnir og hljómsveitarstjóri er **Bjarni Frímann Bjarnason**.

17:00

## BROT AF ÞVÍ BESTA

Hér hljóma kaflar úr nokkrum meistaraverkum sem flutt verða á tónleikum hljómsveitarinnar í vetur: Candide-forleikur Bernsteins, 3. þáttur Hetjuhljókviðu Beethovens og Bolero eftir Ravel. Þá leikur **Sigrún Eðvaldsdóttir** einleik í upphafsþætti hins stórkostlega fiðlukonserts eftir Tsjajkovskíj. Hljómsveitarstjóri er **Klaus Mäkelä**.



**Miðasala í Hörpu**
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50

SINFONIA.IS

@icelandsymphony / #sinfó

**Aðalstyrktaraðili :**
GAMMA




**Maria and Ricardo´s tortillur**

10 tegundir af ferskum tortillum,
3 mismunandi stærðir

verð frá **449** kr/pk

Tilboð gilda út 19. ágúst




**SinPip og Spicy Majo**

Frábærar á vefjuna

verð frá **349** kr/stk



**Snowdonia Black Bomber**

Vel þroskaður Cheddar. Góður á borgara,
í vefjuna og salatið. Tilvalinn á ostabakka

**639** kr/stk




**California Style Guacamole**

Ferskt Guacamole alla miðvikudaga og
föstudaga

**699** kr/pk




**Cedar´s hummus**

Gómsætur og bráðhollur hágæða hummus
sem tryllir bragðlaukana

verð frá **399** kr/stk




**Myllu heimilisbrauð**

Þetta gamla góða

**299** kr/stk

Verð áður 409 kr/stk




**Aviko franskar**

Steikar franskar og sætar

verð frá **289** kr/pk

# Meira girnilegt




15% afsláttur

Kjúklingabringur

**2.039** kr/kg

Verð áður 2.399 kr/kg




15% afsláttur

Heill ferskur kjúklingur

**764** kr/kg

Verð áður 899 kr/kg




15% afsláttur

Íslenskar ungnautalundir

**5.949** kr/kg

Verð áður 6.999 kr/kg




25% afsláttur

Ungnauta piparsteik

**3.449** kr/kg

Verð áður 4.599 kr/kg

HAGKAUP

*Meira* svona *alla daga*

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

## Upp við vegg



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Það er gömul saga og ný að fjárfesting í flugiðnaði er afar áhættusöm. Fjárfestar í evrópskum flugfélögum hafa verið minntir á þau sannindi undanfarin misseri þar sem afkoma flestra félaga hefur farið versnandi samhliða harðnandi samkeppni og hækkandi olíuverði. Íslensku flugfélögin hafa ekki farið varhluta af þeirri þróun. Þótt meira hafi farið fyrir fréttum af versnandi gengi Icelandair – markaðsvirði þess hefur minnkað um liðlega 150 milljarða á rúmlega tveimur árum – þá er ljóst að fjárhagsstaða WOW air er mun brothættari. Nýjustu tíðindi af flugfélaginu, sem koma líklega fæstum mjög á óvart enda hefur það stækkað gríðarlega á örfáum árum, sýna að afkoman hefur versnað verulega á skömmum tíma. Eigið fé er af skornum skammti og handbært fé hverfandi. Staða WOW air er tvísýn og næstu vikur gætu ráðið miklu um framtíð félagsins.

Hátt olíuverð hefur leikið flugfélagið sérstaklega grátt. Olíukostnaður var um fjórðungur af heildartekjum í fyrra – til samanburðar var hann 17 prósent hjá Icelandair – en fullvíst má telja að hlutfallið hafi hækkað enn meira þar sem verð á flugeldsneyti fór upp um 36 prósent á fyrri árshelmingi. Ákvörðun WOW air um að verja sig ekki fyrir sveiflum í olíuverði, ólíkt helstu keppinautum sínum í Evrópu, meðal annars Icelandair og Norwegian, var eftir á að hyggja röng og hefur reynst félaginu dýrkeypt. Þótt stærstu flugfélög Bandaríkjanna fylgi sömu stefnu þá er þar ólíku saman að jafna enda eru þau fjárhagslega mun sterkari og með greiðan aðgang að fjármagni ef á þarf að halda. Hættan er einna helst sú að olíuverð fari hækkandi, eins og sumir greinendur telja sennilegt sökum viðskiptaþvingana Bandaríkjastjórnar gagnvart Íran, á sama tíma og meðalfargjöld haldast áfram lág vegna mikillar samkeppni í flugi yfir hafið. Þá þarf líklega ekki að spyrja að leikslokum.

Það sem veldur einnig áhyggjum er hvað launakostnaður WOW air hefur aukist langt umfram tekjur síðustu misseri. Launakostnaður nam um 15 prósentum af tekjum á árinu 2016 en á undanförnum tólf mánuðum – frá júlí 2017 til júní 2018 – var hlutfallið komið í tæplega 20 prósent. Það er gríðarleg hækkun á ekki lengri tíma og mun hærra hlutfall en þekkist hjá öðrum evrópskum lággjaldaflugfélögum. Ein stærsta áskorun stjórnenda íslensku flugfélaganna, rétt eins og á við um flest hver innlend fyrirtæki í erlendri samkeppni, er að leita allra leiða til að ná niður launakostnaði eigi þau að vera alþjóðlega samkeppnisfær. Að öðrum kosti mun illa fara.

Óþarfi er að fjölyrða um mikilvægi íslensku flugfélaganna fyrir vöxt og viðgang ferðaþjónustunnar. Þau standa undir um 80 prósentum af öllu flugi til og frá landinu og þótt ómögulegt sé að segja fyrir með vissu um afleiðingarnar ef annað þeirra lendir í alvarlegum fjárhagsvandræðum þá er ljóst að höggið fyrir íslenskt efnahagslíf yrði að líkindum talsvert, að minnsta kosti til skemmri tíma, og það „tæki einhver ár að ná aftur jafnvægi“, eins og Skúli Mogensen, forstjóri WOW air, hefur sjálfur sagt. Skúli, sem er þekktur fyrir að spila djarft, leitar nú aukins fjármagns, með liðsinni norska verðbréfafyrirtækisins Pareto, og hyggst afla sér allt að 12 milljarða með sölu skuldabréfs til evrópskra fjárfesta. Ástæða er til að ætla að það muni takast enda þótt vaxtakjörin verði án efa svívirðilega há. Það er fórnarkostnaður sem er þess virði að leggja í. Tíminn vinnur ekki með félaginu.

**Staða WOW air er tvísýn og næstu vikur gætu ráðið miklu um framtíð félagsins.**




### Halldór




## Frá degi til dags

**Stefán og Vigdís**

**Stefán Eiríksson, borgarritari og fyrrverandi lögreglustjóri, sá sig knúinn til að senda Vigdísi Hauksdóttur harðort skammarbréf vegna framgöngu hennar í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum. Taldi Stefán að borgarfulltrúinn hafi farið fram með trúnaðarupplýsingar og farið rangt með dóm sem féll í máli starfsmanna borgarinnar. Á sínum tíma vitnaði Stefán í frægt lag Bítlanna. Það lag innihélt orðin: „And so I quit the police department And got myself a steady job.“ Þótt starfið sé kannski stöðugt er ekki alveg hægt að segja það sama um kjörna fulltrúa í borginni.**

**Tungutak pólitíkusa**

**Við skattgreiðendur þreytumst ekki á því að býsnast yfir löngu sumarfríi íslensku stjórnmálastéttarinnar. Sumarfrí hennar er með því lengsta sem þekkist á byggðu bóli og ekki er kaupið neitt lélegt heldur. Ekki byrjar vertíðin hjá þeim glæsilega í höfuðborginni. Fyrst rjúka sjallar á dyr af skipulagsráðsfundi vegna stafsetningarvillu og svo ákveður forseti borgarstjórnar að ulla á annan borgarfulltrúa. Það er áður óþekkt tungutak stjórnmálamanna. Á sama tíma hugsa skattgreiðendur hvort ekki sé fýsilegasti kosturinn í stöðunni að lengja bara sumarfríið þeirra.**

**sveinn@frettabladid.is**

## Ráðdeild í Reykjavík?



Katrín Atladóttir
borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

Þegar vel árar eykst eigið fé landsmanna og skuldir minnka. Þar með lækkar fjármagnskostnaður og svigrúm skapast til fjárfestinga eða sparnaðar. Ekki er síður mikilvægt að opinberir aðilar standi sig og sýni ráðdeild. Að þeir lækki skuldir í uppsveiflu líkt og einstaklingar og fyrirtæki. Með því skapast svigrúm til að mæta mögru árunum og jafnvel til að minnka sveiflur, með framkvæmdum á samdráttartímum.

Skuldir ríkissjóðs hafa lækkað um rúma 88 milljarða á síðustu 12 mánuðum. Skuldirnar lækkuðu því um rúmar 240 milljónir á dag eða um 10 milljónir á klukkustund. Ríkissjóður hefur náð góðum árangri á síðustu árum í lækkun skulda.

Skuldir vegna grunnreksturs Reykjavíkurborgar hækkuðu um tæpa 15 milljarða á síðasta ári. Skuldirnar hækkuðu því um rúmar 40 milljónir á dag eða 1,7 milljónir á klukkustund. Skuldir Reykjavíkurborgar hækkuðu um meira en 50% frá 2014 til 2017. Reykjavíkurborg hefur ekki náð góðum árangri í lækkun skulda á síðustu árum.

**Er ekkert góðæri í Reykjavík?**

Á sama tíma og ríkissjóður hefur lækkað skuldir sínar hratt hafa skuldir Reykjavíkurborgar aukist hratt. Þrátt fyrir mikinn vöxt tekna borgarinnar og hagfelldar aðstæður til niðurgreiðslu skulda. Nýverið samþykkti borgarráð hækkun á lánsfjáráætlun um 897 milljónir króna. Heimild til lántöku á árinu 2018 er því 6,6 milljarðar króna.

Nú er langt liðið á fordæmalaust hagvaxtarskeið hérlendis, þar sem tekjur borgarinnar hafa hækkað gríðarlega og skattheimta er með hæsta móti. Tíminn til að greiða niður skuldir er núna. Þrátt fyrir það hækka skuldir ár frá ári. Tekjur borgarinnar munu ekki vaxa út í hið óendanlega.

Skuldir ríkisins lækkuðu um 10 milljónir á klukkustund á síðustu 12 mánuðum en Reykjavíkurborg jók skuldsetningu um 1,7 milljónir á klukkustund á síðasta ári. Reykjavíkurborg sýnir ekki ráðdeild í fjármálum.

**Skuldir vegna grunnrekstrurs Reykjavíkurborgar hækkuðu um tæpa 15 milljarða á síðasta ári.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Verð, laun og lífshamingja

Í DAG

Þórlindur Kjartansson



Af öllum þeim þúsundum eða tugþúsundum auglýsinga frá matvöruverslunum sem ég hef séð um ævina er ég viss um að ég gæti talið á fingrum annarrar handar tilvikin þegar reynt er að selja vörurnar á grundvelli gæða frekar en verðs.

Það rímar auðvitað mjög vel við alla umfjöllun um neytendamál. Áherslan er alltaf langmest á verðið. Mikið kapp er lagt á að gera samanburð á milli ólíkra verslana og niðurstöðunum svo slegið upp í fréttum—41% verðmunur á smjörva, 81% verðmunur á frosnum kjúklingi, fimmfaldur verðmunur á kveikjarabensíni. Þeim sem best koma út úr svona könnunum er hampað en þeir dýrustu eru úthrópaðir sem okrarar. Samkeppnin verður því mikil um að bjóða besta verðið. Þetta gekk svo langt fyrir nokkrum árum að í nokkra daga voru verslanir farnar að selja mjólkurlítrann á eina krónu. Þá gripu samkeppnisyfirvöld inn í og þótti fullmikið af því góða.

**Magn eða gæði**

En þótt allir vilji vitaskuld fá sem mest fyrir minnst, þá segir verðið langt frá því alla söguna um það hvort maður gerir góð kaup eða ekki. Í Bandaríkjunum er til dæmis ákaflega ódýrt að kaupa tilbúinn mat, en þeir sem kaupa ódýrasta matinn fá líka nákvæmlega það sem þeir borga fyrir og gjalda þess í ónýtu heilsu- og holdafari. Þegar fólk veltir fyrir sér hvort það vilji kaupa tiltekna vöru, eða versla við ákveðna kaupmenn eða verslanir, þá kemur vitaskuld miklu meira inn í dæmið heldur en bara verðið á smjörva, frosnum kjúklingi og kveikjarabensíni. Góð og vingjarnleg þjónusta í þægilegu umhverfi skiptir máli. Umhverfi verslunarinnar sjálfrar; hvernig manni líður inni í búðinni, hversu auðvelt er að finna bílastæði, hversu lengi maður þarf að bíða í röð til að borga og hvort búðin sé opin þegar maður þarf á henni að halda. Allir þessir þættir ráða miklu um það hvort fólk verslar í þessari versluninni eða hinni.

Og svo eruð það auðvitað gæði vörunnar. Það hrósar enginn happi yfir því að kaupa ódýrustu grillsteikina ef hún er svo seig og þránuð þegar kemur að því að grilla hana. Lægsta verðið getur stundum verið ávísun á verstu kaupin, eins og þeir vita mætavel sem kunna að njóta humars og hvítvíns á fallegum sumarkvöldum. Þá dettur ekki nokkrum manni í hug að gera verðsamanburð. Ó, nei—þar gilda gæðin ein.

**Auðvelt að mæla**

En úr því það eru svona margir ólíkir þættir sem ráða því hvort manni finnst maður borga sanngjarnt eða ósanngjarnt verð fyrir tiltekna vöru—hví er þá öll áherslan alltaf á verðið en ekkert annað? Það er líklega vegna þess að það er mjög einfalt að bera saman tvær tölur. Ef kílóið af súpukjöti hækkaði í dag, þá sjáum við það greinilega af því verðmiðinn er hærri í dag en í gær. En hvað ef súpukjötið í dag er betra en súpukjötið í gær? Það er miklu erfiðara að mæla það. Og jafnvel ennþá erfiðara er að leggja mat á hversu vingjarnlegt eða hranalegt viðmót starfsmanna er, eða hvort maður hittir á skemmtilegra fólk á einum staðnum heldur en öðrum.

Og í ofanálag er fólk alls ekki sammála um það.

Áherslan er sem sagt á verðið af því það er sá þáttur sem langauðveldast er að mæla án þess að þvæla flóknum og afstæðum sjónarmiðum inn í jöfnuna. Það er ekki smekksatriði að meta hvort er hærri tala 1.299 eða 1.799.

**Laun og lífsgæði**

Umræða um kjaramál er gjarnan svipuðu marki brennd. Ótalmargir þættir hafa veruleg áhrif á það hversu vel okkur líður í vinnunni, en áherslan er oftast nær eingöngu á launatölurnar. Auðvitað er eðlilegt að allir vilji vilji sem hæst laun fyrir vinnuna sína en það er líklega mikilvægara að reyna að leggja mat á ýmsa aðra þætti sem hafa afgerandi áhrif á það hvernig okkur líður í vinnunni.

Hvers virði er það að vera ánægður með samstarfsfólkið, hafa sanngjarna yfirmenn, vera metin(n) að verðleikum, njóta virðingar, hafa sjálfstraust og njóta sjálfstæðis í vinnunni? Og hversu mikil kjarabót er að þurfa ekki að sitja undir ósanngjarnri þvælu frá frekum viðskiptavinum eða yfirgangssömum silkihúfum? Hvers virði er að þurfa ekki að fá stein í magann þegar opnaður er tölvupóstur af ótta við dónalega framkomu, ósanngjarna gagnrýni eða almenna stæla og leiðindi?

Í vikunni kom fram að bæði Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, og Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM, telja að leggja þurfi áherslu á alls konar mál sem varða almenn lífsgæði fólks í kjaraviðræðum um vetrarins. Þetta er alveg örugglega bæði erfiðara og mikilvægara heldur en að einblína á krónutölur og prósentur. Við verjum drjúgum hluta ævinnar í vinnunni—það skiptir að sjálfsögðu miklu máli fyrir lífshamingju okkar að þar líði okkur eins vel og mögulegt er; og þar ráða miklu fleiri þættir heldur en launatalan ein. Um það hljóta talsmenn bæði launafólks og atvinnurekenda að vera sammála.



## Stutt á milli hláturs og gráts í knattspyrnu



**Hársbreidd frá úrslitaleiknum** Ólafsvíkingar voru aðeins sekúndum frá því að slá út Blika og komast í úrslit bikarsins í fyrsta sinn í sögu félagsins en varamaðurinn Brynjólfur Darri Willumsson jafnaði metin fyrir Blika með síðustu spyrnu leiksins. Þurfti því að grípa til vítaspyrnukeppni þar sem taugar Blika reyndust sterkari. Mæta Blikar því Stjörnunni í úrslitum bikarsins í karlaflokki, rétt eins og í kvennaflokki í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Mætast í fyrsta sinn í úrslitum

**Þótt Stjarnan og Breiðablik hafi samtals fjórtán sinnum orðið bikarmeistarar mætast þau í fyrsta sinn í bikarúrslitum í kvöld. Blikar unnu báða leiki liðanna í Pepsi-deildinni, þann fyrri með fjögurra marka mun.**

**FÓTBOLTI** Stjarnan og Breiðablik hafa verið fastagestir í bikarúrslitaleikjum í gegnum tíðina en aldrei mæst í þessum stærsta leik hvers árs. Bikarúrslitaleikurinn í kvöld er sögulegur að því leyti.

Stjarnan er í bikarúrslitum í fimmta sinn á síðustu sjö árum. Liðið varð bikarmeistari 2012, 2014 og 2015 en tapaði fyrir ÍBV í bikarúrslitaleiknum í fyrra. Ásgerður Stefanía Baldursdóttir, fyrirliði Stjörnunnar, var ekki með í fyrra en er staðráðin í að vinna titilinn í ár.

„Ég er allavega hungruð í að lyfta þessum bikar og við allar,“ sagði Ásgerður við Fréttablaðið.

### Vilja bjarga tímabilinu

Stjarnan hefur valdið vonbrigðum í Pepsi-deildinni og er úr leik í baráttunni um Íslandsmeistaratitilinn. Bikarúrslitaleikurinn gefur tímabilinu þó gildi og Stjörnukonur geta orðið bikarmeistarar í fjórða sinn í kvöld.

„Við stefnum alltaf á að vinna þá titla sem í boði eru. Við unnum ekki í fyrra og erum langt frá því að verða Íslandsmeistarar í ár, þannig að þetta er stór leikur fyrir okkur. Við ætlum okkur að vinna titil þetta árið,“ sagði Ásgerður.

Sóknin er ekki vandamál hjá Stjörnunni en vörnin hefur lekið í sumar. Stjörnukonur hafa fengið á sig 22 mörk í 13 leikjum í Pepsi-deildinni. Aðeins fjögur neðstu liðin hafa fengið á sig fleiri mörk.

„Við erum nánast með nýja varnarlínu frá því í fyrra og höfum verið í brasi með varnarleikinn. Mér finnst við ekki jafn þéttar og skipulagðar og síðustu ár,“ sagði Ásgerður.

Breiðablik vann báða leikina gegn Stjörnunni í Pepsi-deildinni, þann fyrri 2-6 í Garðabænum og svo 1-0 á Kópavogsvelli.



**Hvor þeirra lyftir bikarnum? Sonný Lára Þráinsdóttir, fyrirliði Breiðabliks, eða Ásgerður Stefanía Baldursdóttir, fyrirliði Stjörnunnar?** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**Líklegt byrjunarlið Stjörnunnar**




**1** Berglind Hrund Jónasdóttir **16** María Eva Eyjólfsdóttir **10** Anna María Baldursdóttir **17** Megan Dunnigan **27** Þórdís Hrönn Sigfúsdóttir **7** Ásgerður Stefanía Baldursdóttir **6** Lára Kristín Pedersen **9** Telma Hjaltalín Þrastardóttir **30** Katrín Ásbjörnsdóttir **8** Sigrún Ella Einarsdóttir **26** Harpa Þorsteinsdóttir.

**Líklegt byrjunarlið Breiðabliks**




**1** Sonný Lára Þráinsdóttir **13** Ásta Eir Árnadóttir **28** Guðrún Arnardóttir **8** Heiðdís Lillýjardóttir **18** Kristín Dís Árnadóttir **16** Alexandra Jóhannsdóttir **11** Fjolla Shala **21** Hildur Antonsdóttir **9** Karolína Lea Vilhjálmsdóttir **10** Berglind Björg Þorvaldsdóttir **7** Agla María Albertsdóttir.

**» Kvennalið Breiðabliks er í bikarúrslitum í átjánda sinn í sögu félagsins. Blikar hafa ellefu sinnum orðið bikarmeistarar.**

„Við guldum afhroð í fyrsta leiknum en við lærðum mikið af honum. Leikurinn í Kópavoginum var jafn og réðst á marki úr föstu leikatriði,“ sagði Ásgerður.

Á meðan Stjarnan hefur verið í vandræðum í Pepsi-deildinni gengur Breiðabliki allt í haginn. Liðið á toppnum, tveimur stigum á undan Þór/KA. Blikar eiga því góða möguleika á að vinna tvöfalt í ár.

„Við erum mjög spenntar og ánægðar að vera komnar á Laugardalsvöllinn. Við hlökkum mikið til,“ sagði Sonný Lára Þráinsdóttir, markvörður og fyrirliði Breiðabliks, í samtali við Fréttablaðið.

### Þurfa að stöðva Stjörnusóknina

Talsverðar breytingar urðu á Blikaliðinu í vetur og sterkir leikmenn hurfu á braut. Þrátt fyrir það hefur Breiðablik sýnt mikinn styrk og stöðugleika í sumar.

„Þetta hefur gengið mjög vel. Liðsheildin er sterk. Við æfðum vel í vetur og komum tilbúnar inn í tímabilið,“ sagði Sonný sem varð bikarmeistari með Breiðabliki fyrir tveimur árum. Blikar hafa alls ellefu sinnum orðið bikarmeistarar en Valskonur eru sigursælastar í sögu bikarkeppninnar með 13 titla.

Sonný og stöllur hennar eru meðvitaðar um styrk Garðbæinga. „Þær eru með gríðarlega öflugt sóknarlið og leikmenn sem geta gert út um leiki,“ sagði Sonný.

ingvithor@frettabladid.is

## Nýjast

**Mjólkurbikar karla**

**Breiðablik - Vík. Ó. 2-2 (2-4)**
0-1 Gonzalo Zamorano Leon (31.), 1-1 Thomas Mikkelsen (67.), 1-2 Davíð Kristján Ólafsson (105., sjálfsm.), Brynjólfur Darri Willumsson (122.).

*Breiðablik vann í vítakeppni 4-2 og mætir Stjörnunni í bikarúrslitaleiknum 15. september.*

**Forkeppni Evrópudeildarinnar**

**Valur - Sheriff Tiraspol 2-1**
1-0 Haukur Páll Sigurðsson (40.), 1-1 Ziguy Badibanga (69.), 2-1 Kristinn Ingi Halldórsson (90+1).

*Einvíginu líkur 2-2 og Sheriff fer áfram á fleiri útivallarmörkum.*

**Pepsi-deild kvenna**

**Selfoss - Grindavík 1-1**
1-0 Allyson Paige Haran (36.), 1-1 Rio Hardy (80.).

**Inkasso-deild kvenna**

**ÍA - Keflavík 1-5**
0-1 Sveindís Jane Jónsdóttir (15.), 1-1 Unnur Ýr Haraldsdóttir (37.), 1-2 Sophie Groff (41.), 1-3 Sveindís Jane (78.), 1-4 Sveindís Jane (81.), Kristrún Ýr Holm (89.).

**Fylkir - Haukar 4-0**
1-0 Margrét Björg Ástvaldsdóttir (9.), 2-0 Ída Marín Hermannsdóttir (22.), 3-0 Margrét Björg (39.), 4-0 Marija Radojicic (64.).

## Birgir byrjar af krafti í Svíþjóð

**GOLF** Birgir Leifur Hafþórsson, atvinnukylfingur úr GKG, byrjar vel á Nordea Masters mótinu í Svíþjóð en hann deildi 16. sæti eftir fyrsta hring. Er mótið hluti af Evrópumótaröðinni, næststerkustu mótaröð heims og eru margir sterkir kylfingar meðal þátttakenda.

Hóf hann daginn af krafti og var á tveimur höggum undir pari eftir níu holur. Fylgdu tveir fuglar á fyrstu þremur holunum á seinni níu en hann fékk einn skolla á seinni níu. Kom hann í hús á 67 höggum eða þremur höggum undir pari vallarins.

Franski kylfingurinn Clément Sordet er með afgerandi forskot í efsta sæti á átta höggum undir pari en í ljós kemur á morgun hvort Birgir nær niðurskurði. **– kpt**

## Geta komist í úrslitaleikinn

**HANDBOLTI** Íslenska karlalandsliðið skipað leikmönnum 18 ára og yngri mætir Króatíu í undanúrslitum Evrópumótsins klukkan 18.30 í kvöld. Í hinum undanúrslitaleiknum mætast Danmörk og Svíþjóð.

Ísland vann fyrstu fjóra leiki sína á EM en tapaði fyrir Spáni í fyrradag. Lykilmenn Íslands fengu hvíld í leiknum enda liðið þegar búið að tryggja sér sigur í milliriðli 2 og sæti í undanúrslitunum.

Ísland varð Evrópumeistari í þessum aldursflokki fyrir 15 árum. Þá voru leikmenn á borð við Arnór Atlason, Ásgeir Örn Hallgrímsson og Björgvin Pál Gústavsson burðarásar í íslenska liðinu sem vann Þjóðverja í úrslitaleiknum, 27-23. Heimir Ríkharðsson var þjálfari U-18 ára liðsins 2003, líkt og hann er í dag. **– iþs**

# Fólk
Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 17. ÁGÚST 2018



# Lífið gengur fyrir

Birgir Örn Steinarsson, oft nefndur Biggi Maus, þekkir af eigin raun að missa góðan vin langt fyrir aldur fram. Hann kemur fram á tónleikunum Hammond í Hörpu til minningar um vin sinn Bjarka Friðriksson sem lést úr heilahimnubólgu aðeins nítján ára. →2

MYND/ÞÓRSTEINN


Acid Soothe - ertu með brjóstsviða?








Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is



Bjarki var aðalmaðurinn í fyrstu hljómsveitinni sem ég var í. Hún hét Elsku Unnur, eftir stelpu sem vann í sjoppu í Seljahverfinu," segir Birgir um söfnunartónleikana sem haldnir eru í til minningar um Bjarka Friðriksson.

„Ég flæktist inn í hljómsveitina gegnum bróður minn, var langyngstur en fékk að vera með af því að það vantaði hljómborðsleikara. Bjarki var söngvarinn og þegar hann keypti sér Hammond fékk ég að spila á hann. Svo þegar þessi hljómsveit hætti fór hann að spila sjálfur á Hammondinn og hélt því áfram í öðrum verkefnum. Ég leit mikið upp til Bjarka, hann var mjög góður við mig og við urðum næstum eins og bræður." Bjarki lést aðeins nítján ára úr heilahimnubólgu. „Hann hafði verið slappur í nokkra daga en sagði engum frá og ætlaði ekki að láta smá kvef hindra sig í að spila á tónleikum um kvöldið. Svo varð hann bráðkvaddur þegar hann var að taka sig til fyrir tónleikana."

Fjöldi tónlistarmanna kemur fram á tónleikunum sem hafa það að markmiði að safna fyrir Hammond-orgeli sem geymt verður í Hörpu. „Maus ætlar að koma saman og taka nokkur lög og svo er ég búinn að hóa saman strákunum í Elsku Unni og við ætlum að spila fyrsta lagið sem ég samdi fyrir hljómsveit. Þar er þrettán ára Birgir Örn Steinarsson að predika hvað fíkniefni séu slæm, skemmtilega saklaus og fyndinn. Bjarki söng lagið á sínum tíma."

## Asnaðist í sálfræði

Birgir lauk námi til starfsréttinda í sálfræði í vor. „Ég asnaðist í sálfræði á þeim tímapunkti sem ég vissi ekkert hvað ég vildi gera við líf mitt og ákvað að mennta mig eitthvað meðfram blaðamennskunni og tónlistinni. Þegar ég byrjaði var ég með þeim eldri í þrjú hundruð manna bekk og fannst ég gamall og vitlaus en svo byrjaði mér að ganga vel og einn kennarinn nefndi við mig hvort ég ætlaði í réttindanámið. Mér hafði satt að segja ekki dottið það í hug en sótti um og var í tuttugu manna hópi sem komst inn.

Ég hef verið að vinna á heilsustofnuninni í Hveragerði í sumar og einnig á Sálfræðiráðgjöfinni á Lækjartorgi. Ég hef mikið verið að vinna með lágt sjálfsmat og kvíða og svo hef ég verið að vinna með listamönnum, bæði hópum og einstaklingum með ritstíflur en ég lærði að leysa sköpunarflæðið úr læðingi í Danmörku. Mér finnst þetta mjög skemmtilegt því það blandar öllu saman, bæði listinni og sálfræðinni."



Birgir Örn starfar í dag sem sálfræðingur og handritshöfundur en hann skrifaði meðal annars handritin að kvikmyndunum Vonarstræti og Lof mér að falla með Baldvini Z en Lof mér að falla verður frumsýnd í haust. MYND/ÞÓRSTEINN

## Lof mér að falla

Þó að Birgir sé þekktastur undir nafni hljómsveitar sinnar Maus þá hafa skriftirnar ekki síður verið mikilvægur þáttur í lífi hans. „Skriftirnar hafa verið aðaltekjulind mín frá því ég var tvítugur, bæði sem blaðamaður og textahöfundur með Maus auk þess sem ég hef alltaf verið að skrifa sögur."

Undanfarin ár hefur hann getið sér gott orð sem handritshöfundur í samstarfi við Baldvin Z og saman skrifuðu þeir handritið að verðlaunamyndinni Vonarstræti og Lof mér að falla sem verður frumsýnd í haust.

„Ég hitti Badda gegnum konuna mína þegar þau hjónin buðu okkur í mat. Ég var að pæla í kvikmyndahandritum á þessum tíma en við förum samt gegnum heilt matarboð án þess að minnast einu orði á neitt þessu tengt. Svo þegar við erum að fara þá segi ég við Badda: Heyrðu, áttu nokkuð bækur um það hvernig á að skrifa kvikmyndahandrit? Og hann nær í bók og lánar mér og ég fer með hana heim og les hana. Svo hringir hann í mig þremur vikum seinna og spyr: Manstu, bókin sem ég lánaði þér, ertu búinn með hana? Og ég fæ alveg í magann yfir því að vera ekki búinn að skila bókinni og segi: Já, fyrirgefðu ég skal koma henni til þín, og hann segir: Nei, nei, skítt með bókina, þú mátt eiga hana. Þú þarft að skrifa með mér handrit." Þarna var Baldvin kominn með hugmynd að persónunum í Vonarstræti en vantaði söguna. „Og hvernig hann ætti að tengja þetta allt saman. Ég hjálpaði honum með það og áður en ég vissi af vorum við farnir að skrifa saman."

## Óraunverulegur veruleiki

Lof mér að falla er saga um heim eiturlyfjaneytenda á Íslandi og margir bíða myndarinnar með eftirvæntingu.

„Jóhannes Kr. Kristjánsson var okkur innan handar en hann hafði þá nýverið unnið Kastljósþátt með viðtölum við krakka sem voru að sprauta sig. Jóhannes missti dóttur sína inn í þennan heim svo málið stendur honum mjög nærri," segir Birgir. „Í raun var það hans hugmynd að gera bíómynd því að hún myndi hafa meiri áhrif á krakkana en fréttaþáttur. Hann kynnti okkur fyrir stelpum sem voru í neyslu og við tókum viðtöl við þær meðan þær voru að sprauta sig. Þetta eru ótrúlega klárar og útsjónarsamar stelpur sem beita ólíklegustu brögðum til að ná sér í peninga þannig að okkur fannst stundum að það þyrfti snilligáfu til."

Birgir segir að raunveruleiki fíkniheimsins á Íslandi sé mjög óraunverulegur þeim sem standa fyrir utan. „Þetta er kannski að gerast í íbúðinni við hliðina á þér og þú hefur ekki hugmynd. Krakkarnir opnuðu sig alveg, sýndu okkur boðleiðirnar og hvernig þau nota samfélagsmiðla til að verða sér úti um efnin. Og sölumennirnir eru ekki endilega þessir stóru sterku handrukkarar sem við höfum séð í bíó heldur húsmæður á fimmtugsaldri sem fá aukapening með því að selja rítalín eða aukaskammtana af parkódín forte. „Hann segir handritaskrifin hafa tekið þrjú ár. „Við fylgdumst með krökkunum, sumum hætta, öðrum falla og sumum deyja og úr sögunum þeirra saumuðum við þetta handrit sem er 95% samansett úr raunverulegum atburðum úr lífi mismunandi fólks. Ég er mjög stoltur af þessari mynd."

> **„Við fylgdumst með krökkunum, sumum hætta, öðrum falla og sumum deyja og úr sögunum þeirra saumuðum við þetta handrit sem er 95% samansett úr raunverulegum atburðum úr lífi mismunandi fólks.**

## Er þetta ekki Biggi?

Birgir var í sálfræðináminu þegar rannsóknarvinnan stóð yfir.

„Þetta var eins og að taka aukakúrs í náminu, ég fór að sjá ákveðin mynstur og ég hef tekið þau með mér áfram. Við reyndum að nálgast þetta með forvitni mannfræðingsins, reyndum að skilja án þess að verða fyrir of miklum áhrifum tilfinningalega. En það gekk ekkert alltaf. Einn strákur sem mér fannst líta út fyrir að vera sjötugur horfði á mig meðan hann var að útbúa sprautuna og segir: er þetta ekki Biggi? Og þá var þetta einn aðaltöffarinn þegar ég var unglingur, sá sem mætti á fína bílnum sínum og stelpunum fannst flottastur af öllum og það var rosalegt sjokk að komast að því að þetta var hann. Um leið og ég þekkti manneskjuna var það miklu djúpstæðara og ég var eftir mig eftir það viðtal."

## Fræða ekki hræða

Frá sjónarhorni sálfræðingsins, en ekki síður föðurins Birgis Arnar, spruttu upp ýmsar vangaveltur á meðan rannsóknarvinnan var unnin fyrir Lof mér að falla.

„Mér finnst fyrst og fremst að við ættum að taka orðið eiturlyf og sturta því niður í klósettið og nota í staðinn orðið fíkniefni. Og fræða krakka í staðinn fyrir að hræða þau, segja þeim hvernig þetta er, hver munurinn er á því að drekka eitthvað, reykja eitthvað, snorta eitthvað eða sprauta sig með því.

Við höfum bara eitt orð, EITURLYF, og krakkarnir eru frædd frá tíu ára aldri um að eiturlyf geti drepið! En svo eru þau kannski niðri í bæ og einhver er að reykja jónu, þau fá sér tvo smóka og eru þar með búin að taka EITURLYF og ekkert slæmt gerðist nema þeim leið vel! Og þá hætta þau að taka mark á öllum aðvörununum," segir hann.

„Við sáum að þessum krökkum var hætt við að fara í neyslu, þau prófa kannski jónu á þriðjudegi og eru búin að sprauta sig með rítalíni tveimur vikum seinna því þetta er hvort tveggja eiturlyf og þau vita ekkert um mismunandi alvarleika þeirra og hver munurinn er."

Birgir talar einnig um hin sorglegu dauðsföll sem hafa ratað í fréttirnar að undanförnu og hefur sínar kenningar um þau. „Krakkar fara í partí með öðrum krökkum sem hafa kannski verið í neyslu í einhvern tíma og það er útbúinn sami skammtur handa öllum, óháð því hvort þau eru búin að mynda þol eða ekki. Þetta eru oft bara slys. Það er enginn að mæla með kannabisreykingum unglinga en það verður að gera greinarmun á því hversu hættuleg efnin eru."

## Lífið gengur fyrir

Birgir Örn veit af eigin reynslu hversu erfitt er þegar ungt fólk deyr, þó að Bjarki vinur hans hafi eins og áður sagði látist úr skyndilegum veikindum en ekki neyslu. Hann hlakkar til að heiðra minningu vinar síns á tónleikunum Hammond í Hörpu sem standa fyrir dyrum 26. ágúst.

„Það er fyndið í þessu samhengi að hugsa um þrettán ára Bigga að semja forvarnartexta fyrir hljómsveitina sína. Og svo gerist það akkúrat núna um sama leyti og Lof mér að falla verður frumsýnd. Lagið heitir Lífið gengur fyrir og það er líka svo satt í öllu þessu samhengi."

Viltu verða rekstrarfulltrúi?
Nýtt tækifæri fyrir þig!
Hagnýt viðskipta- og fjármálagreinabraut

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

- Er langt síðan þú varst í skóla?
- Hefur þig lengi langað að drífa þig í nám en ekki þorað?
- Áttu slæmar minningar frá fyrri skólagöngu?

Vel menntaðir og áhugasamir kennarar, góð aðstaða, mikil reynsla og afslappað andrúmsloft. Þessi braut veitir mörg tækifæri á vinnumarkaði og til frekara náms.
Hagnýt viðskipta- og fjármálagreinabraut er þriggja anna braut með tengingu við vinnustaði. Aðaláhersla er lögð á viðskipta- og samskiptagreinar.
Í lok námsins fá nemendur diploma sem rekstrarfulltrúi. Kennsla hefst í ágúst 2018.

Nánari upplýsingar gefur Inga Karlsdóttir, fagstjóri í síma 594 4000/8244114 eða inga.karlsdottir@mk.is

# Haustveiði

FÖSTUDAGUR 17. ÁGÚST 2018




## Fékk byssu í fermingargjöf

Jóhann Vilhjálmsson byssusmiður var ekki nema ellefu ára þegar hann skaut sína fyrstu máva yfir æðarvarpi á Breiðafirði. Hann stundar nú skógarveiðar í Póllandi og smíðar ægifagra veiðihnífa og byssur. →2

Framhald af forsíðu ➜

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Ég fékk byssu í fermingargjöf. Það var frekar óvenjulegt og kom mér vissulega á óvart en ég varð glaður og á hana enn. Þetta var 222-riffill, sem var aðalveiðigræjan til gæsaveiða þá, og ég á hann enn. Þessa dagana er ég að gera hann upp í annað sinn, eða öllu heldur átján ára sonur minn sem er að dunda sér við að koma rifflinum góða í stand,“ segir Jóhann Vilhjálmsson, betur þekktur sem Jói byssusmiður á Dalbraut 1.

Jói segir menn hafa byrjað að skjóta af byssum miklu fyrr á árum áður, einkum stráka sem voru í sveit.

„Ég var ekki nema ellefu ára þegar ég byrjaði að skjóta máv. Þá var ég í sveit í Breiðarfjarðareyjum á sumrin þar sem var æðarvarp og svartbakur hafði tekið yfir eyjuna. Því þurfti að grisja stofninn og þótti eðlilegt að strákarnir í sveitinni skytu af byssunum líka,“ segir Jói um liðna tíð.

## Veiða ekki sama og drepa

Jói hefur kennt á veiðinámskeiðum Umhverfisstofnunar frá upphafi, eða í heilan aldarfjórðung.

„Í dag fá flestir skotveiðiáhuga á milli tvítugs og þrítugs. Það þarf mikið til að fá byssuleyfi; meðal annars hreint sakavottorð og tvo meðmælendur. Því labbar enginn inn í búð á Íslandi í dag til að kaupa sér byssu,“ upplýsir Jói.

Í samhengi við háværa gagnrýni á almenna byssueign Bandaríkjamanna segir Jói allt annan hugsunarhátt ríkja gagnvart byssueign á Íslandi.

„Við kaupum ekki byssur til að verja okkur, eins og tíðkast vestra, heldur notum skotvopn sem áhöld til veiða. Víst leynast svo alltaf skemmd epli innan um, en því miður lítið við því að gera. Á hverju ári fara nokkur hundruð manns á skotnámskeið hérlendis og þaðan útskrifast góður hópur veiðimanna sem flestir fara eftir settum lögum,“ segir Jói.

Árvisst veiðileyfi og veiðikort þurfi svo til að mega halda til skotveiða hér á landi.

„Menn þurfa einnig að sækja veiðikortanámskeið til að læra að þekkja dýrin og fuglana. Ég legg áherslu á það í kennslunni að ganga vel um náttúruna og dýraríkið, og að veiða sé ekki það sama og að drepa. Að drepa á ekkert skylt við veiðiskap, en við veiðar er mikilvægt að taka ekki of mikið, veiða á réttum tíma og fara að lögum.“

## Smíðar byssur og hnífa

Byssur og veiði áttu snemma hug Jóa sem lærði rennismíði og vélsmíði með byssusmíði í huga.

„Ég fór til Gunnars í Goðaborg, sem var þekktur byssusmiður á sínum tíma, en ekki reyndist unnt að læra byssusmíðina hér heima. Það var því ekki fyrr en fjölmörgum árum seinna að ég fór utan til Belgíu og nam þar byssusmíði í fjögur ár. Þá nýttist renni- og vélsmíðin mér vel,“ segir Jói sem er eini Íslendingurinn sem hefur lært byssusmíði til fullnustu frá viðurkenndum skóla.

„Byssurnar smíða ég eftir evrópskri sérsmíðahefð, með hnotuskefti, djúpum bláma og Mauserlásum,“ útskýrir Jói sem er með umboð fyrir Mauser á Íslandi.

Hann situr nú við smíðar stórra riffla fyrir reynda aðila sem stunda veiðar í útlöndum.

„Í náminu fór ég líka að smíða hnífa og gerðist meðlimur í Félagi belgískra hnífasmiða. Því fer ég enn oft utan til að taka þátt í sýningum með þeim og næst nú í haust,“ segir Jói sem nýtur þess að hanna fallega vasahnífa og veiðihnífa.



Jói smíðar einstaklega sterka og fallega hnífa úr sænsku gæðastáli og íslenskum hreindýrshornum. Þeir eru einkar vinsælir í veiði. MYNDIR/SIGTRYGGUR ARI



Jói lærði rennismíði og vélsmíði áður en hann nam byssusmíði í Belgíu.

„Árið 2007 hannaði ég sérstakan hníf sem ég kalla íslenska veiðihnífinn og notið hefur mikillar hylli meðal veiðimanna. Í blöðin nota ég vandað stál frá Svíþjóð og hreindýrshorn í skaftið, helst horn sem fallið hafa af dýrum í fjöllunum, því þau eru best. Þá eru þau laus við blóð og orðin náttúrulega hvít en stundum taka þau á sig mosalit eða rauðan lit og engin tvö horn eru eins. Hreindýrshorn er níðsterkt og skemmtilegt efni. Það er ákaflega fagurt ásýndar og einstakt, náttúrulegt form hornanna ræður bognu lagi hnífanna,“ segir Jói sem var valinn handverksmaður ársins 2012 á Handverkshátíðinni á Hrafnagili.

## Skógarveiðar í Póllandi

Í áranna rás hefur Jói stundað bæði stangveiði og skotveiði en á síðustu árum hefur hann einbeitt sér að skotveiðinni.

„Ég hef alltaf veitt mikið en þegar menn fara að eldast verða þeir ekki eins æstir og áður að fara í veiði. Menn þurfa enda að vera mjög vel á sig komnir til að fara til rjúpna- og hreindýraveiða þar sem ganga þarf tugi kílómetra á dag, vera jafnvel marga daga á fjöllum og koma felldum dýrum til byggða við erfiðar aðstæður,“ segir Jói sem undanfarin tuttugu ár hefur notið þess mjög að fara með hóp íslenskra veiðimanna til veiða í Póllandi.

> „Sá sem fer alltaf eftir kjötinu í Krónuna kveikir kannski ekki á veiðieðli sínu en kjötið í frystinum verður vitanlega ekki til í Krónunni. En ég segi að þótt veiðieðlið sé innbyggt í manninn eru sem betur fer ekki allir að veiða.

„Þar erum við í fjóra til fimm daga við skógarveiði. Mest er um rauðhirti, dádýr og villisvín en líka þvottabirni og refi. Þetta er ákaflega skemmtileg veiði og frábær stemning meðal veiðimanna. Mikil spenna er í veiðinni sem flokkast undir rekstrarveiði og menn þurfa að vera vel á verði þegar dýrin nálgast því ómögulegt er að átta sig á hvaðan og hvert þau koma. Þá verða menn líka að vera snöggir að skjóta fríhendis og átta sig á hvort skjóta megi dýrið því ekki má skjóta hvaða dýr sem er í villtum skóginum. Þetta er því ekki auðvelt, en á hverjum degi eru nokkrir rekstrar, allt frá klukkan fimm á morgnana til sex á kvöldin,“ útskýrir Jói fullur tilhlökkunar, en löngu er orðið fullt í veiðiferðina til Póllands í nóvember.

„Mér finnst óskaplega gaman að fara utan til veiða og kynnast ólíkri veiðimenningu hvers lands fyrir sig. Pólverjar bera mikla virðingu fyrir skógardýrunum þótt þeir þurfi að halda stofnum í skefjum. Þar er góð veiðistjórnun og verðið viðráðanlegt. Góðir veiðimenn vilja ekki útrýma dýrategundum og í Póllandi eru dýrin talin og stofnstærð haldið í skefjum með ákveðnum kvóta. Þetta er „trophy“-veiði fyrir veiðimennina en veiðiklúbburinn á kvótann og selur dýrin á markaði. Menn hafa þó tekið með sér væna bita heim, aðallega dádýr og rauðhirti, enda gómsæt villibráð,“ segir Jói sem hefur ferðast víða um heim til að veiða, meðal annars til Grænlands, Kanada, Ungverjalands, Rússlands og Afríku, þar sem hann hefur gætt sér á ljúffengum antílópum og sebrahestum.

## Veiðieðlið blundar í öllum

Mánudaginn 20. ágúst hefst gæsaveiðitímabilið hér á landi en Jói segir menn nú byrja seinna en áður.

„Tuttugasti ágúst hefur alltaf verið heilagur dagur í veiðimennskunni en tíðarfarið hefur nú sitt að segja og sú staðreynd að mikið er um ungfugl fram í september þegar veiðin hefst af meiri þunga,“ segir Jói um tímabilið fram undan en íslenskum fuglum er gefinn friður á varptíma og við uppeldi unga sinna frá vori fram á haust.

„Fyrst má skjóta gæs, síðan önd og svo fara með á svartfugl sem er afar skemmtilegt og lostætur afli. Mitt uppáhald í skotveiðinni eru þó hreindýr og ekkert sem toppar þann herramannsmat,“ segir Jói sem ætlar austur til veiða með átján ára syni sínum í haust.

„Hann hefur byssubakteríuna frá föður sínum, en það er engin spurning að veiðieðlið blundar í okkur öllum. Sá sem fer alltaf eftir kjötinu í Krónuna, eða er ekki alinn upp við veiðiskap, kveikir kannski ekki á veiðieðli sínu en kjötið í frystinum verður vitanlega ekki til í Krónunni. En ég segi að þótt veiðieðlið sé innbyggt í manninn eru sem betur fer ekki allir að veiða,“ segir Jói sem mundar byssurnar líka í skotfimi og hefur keppt í greininni um árabil.

„Ég hef ekki tölu á því hversu margar byssur ég á en ég hef yndi af rifflum og fallegum tvíhleypum sem eru fyrir veiðar af stuttu færi. Ég er líka mikill áhugamaður um gamla bíla og formaður Íslenska Cadillac-klúbbsins sem verður með árlega sýningu sína fyrir utan Hörpu á Menningarnótt.“

Sjá nánar á joibyssusmidur.com og icelandicknives.com

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson | Sölumaður auglýsinga: Atli Bergmann, atlib@frettabladid.is, s. 512 5457 | Veffang: frettabladid.is

# ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF - ALVÖRU VEIÐIBÍLAR







ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

UMBOÐSAÐILI JEEP OG RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

# Brúðkaupsferð í Veiðivötn

Katrín Ósk Einarsdóttir og Kristján Örn Kristjánsson gengu í hjónaband fyrr í sumar. Þau eyddu hveitibrauðsdögunum í Veiðivötnum við veiðar í ægifögru umhverfi og veiddu vænar bleikjur.

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is



Við giftum okkur þann 21. júlí síðastliðinn í Fríkirkjunni í Hafnarfirði. Skömmu eftir brúðkaupið fórum við með vinahópi okkar í Veiðivötn þar sem við vorum við veiðar í nokkra daga. Við köllum þetta brúðkaupsferð í hálfgerðu gríni en það er að myndast hefð fyrir því í fjölskyldunni að fara í Veiðivötn eftir brúðkaup, ásamt kokkinum sem sér um matinn í brúðkaupinu,“ segir Katrín brosandi.

„Þannig er mál með vexti að Lilja Sif, systir mín, giftist Stefáni, manninum sínum, fyrir fimm árum og helgina eftir brúðkaupið fóru þeir Stefán og Kristján upp í Veiðivötn, ásamt Alfreð G. Maríussyni kokki sem er í sama veiðihópi. Það vakti mikla kátínu í hópnum og var ferðin kölluð „brúðkaupsferðin“, nema brúðurin var ekki með í för í það skiptið. Þegar við Kristján vorum að plana okkar brúðkaup hringdum við strax í Alfreð og báðum hann um að sjá um matinn í okkar veislu. Fyrr en varði var búið að skipuleggja veiðiferð strax eftir brúðkaupið, áður en byrjað var að ákveða matinn fyrir veisluna. Við plönum að fara í aðra brúðkaupsferð árið 2020 en þá bara við tvö þar sem við deilum ekki skála með níu manns,“ segir Katrín en þau hjónin eru búsett í Danmörku og eiga þrjú börn, Kristján Einar 8 ára, Ásdísi Kötlu 6 ára og Bryndísi Köru 3 ára.

Þau hjónin segja að veiðin í brúðkaupsferðinni hafi gengið ágætlega en það hafi þó vantað aðeins upp á stærðina á silungnum þetta sumarið. „Við veiddum mest af öllum í hópnum en fengum þó ekki stærstu fiskana,“ segir Kristján sem veit fátt skemmtilegra en að veiða. „Ég fer í veiði í hvert sinn sem tími gefst til og hef farið í Veiðivötn tvisvar til þrisvar á hverju sumri síðustu fjórtán árin en Katrín hefur komið með síðustu tvö sumur. Veiðiferðirnar eru óneitanlega ekki eins margar og ég vildi þar sem við erum búsett í Danmörku en vonandi breytist það þegar við flytjum heim aftur.“

## Veiðiáhuginn er smitandi

Katrín segir veiði aðallega vera áhugamál eiginmannsins en honum hafi tekist að fá hana með sér í þetta sport með ágætum árangri. „Ég fer oftar í veiði nú en áður og heimtaði að fá mínar eigin vöðlur eftir síðustu veiðiferð. Um síðustu helgi fékk ég óskina uppfyllta,“ segir hún glaðlega.

Spurð hvort þau lumi á góðri veiðisögu segist Kristján eiga eina góða af Katrínu. „Þar sem hún hefur ekki farið í margar veiðiferðir er kannski ágætt að segja eina stutta af henni frá því í fyrra. Við vorum að veiða með hópnum okkar í Grænavatni á góðum degi. Þar sem Katrín var að læra réttu handtökin og nennti ekki að kasta út í og bíða setti ég spún á línuna hjá henni og sagði henni bara að kasta og draga inn eins og hún vildi. Stuttu seinna kallar hún á mig og vill meina að hún sé búin að festa spúninn í vatninu. Ég kalla til hennar að draga hann þá inn við lítinn fögnuð þar sem hún hélt að ég væri að gera grín að henni en línan var að taka skarpa beygju til hægri og ekkert fast heldur vænn fiskur búinn að bíta á.“

## Veiðivatnafiskurinn uppáhald barnanna

Þar sem silungur er í miklu uppáhaldi hjá fjölskyldunni er þess vel gætt að þetta góða hráefni fari ekki til spillis. „Oftast látum við reykja hluta af aflanum. Í ár flökuðum við silunginn og flokkuðum í hæfilega stóra skammta fyrir fimm manns og settum síðan í frysti. Þannig er auðvelt að taka einn og einn skammt úr frysti og þar sem við búum í Danmörku var fisknum pakkað þannig að við gátum tekið tíu kíló með okkur út. Börnin okkar elska fisk og allri fjölskyldunni finnst Veiðivatnafiskurinn extra góður á bragðið, enda er hann yfirleitt frekar feitur,“ segir Katrín.

Þegar hjónin nýbökuðu eru spurð hvar þeim finnist skemmtilegast að veiða segir Kristján að mest gaman sé að veiða þar sem veiðivon er góð og aðstæður fallegar. „Veiðivötn eru þar efst á lista en Hópið og vatnasvæði Selár eru líka í miklu uppáhaldi,“ segja þau Katrín og Kristján.



Katrín segir Kristján hafa náð að vekja áhuga sinn á veiði. Allri fjölskyldunni finnst fiskurinn úr Veiðivötnum lostæti.



Á brúðkaupsdaginn. Katrín Ósk og Kristján Örn með Ásdísi Kötlu, Bryndísi Köru og Kristján Einar.



Nýgift í fögru umhverfi Veiðivatna, sem er engu öðru líkt.



Hjónunum finnst gaman að veiða þar sem er veiðivon.




EITT KORT
34 VÖTN
7.900 kr.

VEIÐIKORTIÐ 2018

Vatnaveiði er fjölskylduvæn útivist.
Börn yngri en 14 ára veiða frítt með korthafa.




Sölustaðir:
N1 - OLÍS - ÍSLANDSPÓSTUR og veiðivöruverslanir um land allt.
Frí heimsending þegar pantað er á www.veidikortid.is.

# Búvörur SS

## Klæddu þig vel í veiðina



Mike Hammer, nýr fatnaður fyrir veiðimenn og útivistarfólk. Peysur, úlpur, skyrtur og fleira!



**Flíspeysur**
**Nokkrir litir og gerðir**
Stærðir S - 4XL
Verð frá 5.995 kr



**Bómullarskyrtur**
**4 gerðir**
Stærðir S - 4XL
Verð frá 6.035 kr



**Sherpa Veiðijakki**
**2 flíkur í einni!**
Stærðir L - 4XL
Verð aðeins 12.994 kr



**Vesti með hita**
Stærðir S - 4XL
Verð aðeins 17.995 kr











**Vetrarundirföt**
Stærðir S - 4XL
Verð frá 5.695 kr

insect shield®











### Á hvaða skordýr virkar Insect Shield?

Insect Shield® vörur hafa verið prófaðar og sannað að þær virka fælandi á flugur, moskítóflugur, maura og blóðmaura.

### Prófað og sannað

Tæknin á bak við Insect Shield er byggð á margra ára rannsóknum og prófunum. Insect Shield vörur halda fullri virkni í gegnum 70 þvotta.

**Vandaður fatnaður á frábæru verði! www.buvorur.is**

**Búvörur SS | Fosshals 1, 110 Reykjavík | Ormsvellir 4, 860 Hvolsvöllur | www.buvorur.is**
**Opnunartímar: Fosshals kl. 8-16 og Ormsvellir kl. 9-17 alla virka daga | Sími: 575-6070**

# Frábært að njóta náttúrunnar

Fluguveiði er eitt það skemmtilegasta sem Hreggviður Ársælsson, grafískur hönnuður, hefur prófað. Ásamt frænda sínum matreiðir hann dýrindis rétti úr ólíkum hráefnum náttúrunnar.

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Hreggviður Ársælsson byrjaði ungur að veiða á Akureyri þar sem hann ólst upp. Lengi vel lét hann stangveiði með spún og maðk duga en þó hefur hann skroppið með bróður sínum undanfarin ár í eina og eina rjúpnagöngu. Þegar hann varð fertugur árið 2014 gáfu fjölskylda og vinir hans honum fluguveiðipakka en hann segir fluguveiðina vera eitthvað það skemmtilegasta sem hann hefur prófað. „Það er alveg magnað að standa á árbakka og læra að lesa í ána, hylina og flúðirnar og reyna að komast að því hvaða flugur séu fljúgandi um svæðið. Maður þarf að skilja hvar fiskurinn vill helst vera í ánni og hvaða agn sé líklegast. Svo er frábært að njóta náttúrunnar og vonast til að fá einn í soðið. Tengingin við frumbyggjann dettur í gírinn og maður nær ákveðinni slökun á bakkanum.“

### Veiðir mest í vötnum

Maríulaxinn hans var 90 cm hængur sem hann landaði í Fossá fyrir um tveimur árum. „Reyndar hefur lítið gerst í laxinum hjá mér síðan þá. Ég veiði mest á flugu í vötnum og kaupi Veiðikortið á hverju ári. Þingvallavatn og Úlfljótsvatn eru tveir skemmtilegustu staðirnir sem ég veiði á en Þingvallavatn er búið að vera gjöfult á bleikjuna í ár.“

### Mikill matmaður

Hreggviður lætur sér ekki duga að veiða. Hann er mikill matmaður og segir að það besta sem hann viti sé að hvíla sig frá tölvu við bras í eldhúsinu. „Við Danni frændi höfum verið að grúska mikið í því hvernig nýta megi allt úr dýrum sem eru veidd hér á Íslandi. Við höfum komist yfir alls konar hráefni; gæsir, endur, hreindýr og fleira. Við sjóðum beinin í soð, gerum lifrarmús eða paté. Einnig gröfum við allan fjandann og kald- eða heitreykjum ásamt þessu hefðbundna.“

### Bleikjan vinsæl

Uppáhaldið hans er líklega heitreykt hreindýrahjarta sem fáir nýta og vinna með að hans sögn. „Biblían á náttborðinu mínu er Villibráðarbókin hans Úlfars Finnbjörnssonar sem er allra besta kennsluefni í meðhöndlun villibráðar. Síðastliðin ár veiði ég mest bleikju sem fer oftast á grillið með ýmsum aðferðum. Það var því mjög hressandi þegar fiskurinn rataði í taco-skeljar og fjölbreytnin í matseldinni tók kipp.“





„Þingvallavatn og Úlfljótsvatn eru tveir skemmtilegustu staðirnir sem ég veiði á,“ segir Hreggviður Ársælsson, grafískur hönnuður, veiðimaður og matgæðingur.



### Vinnur með snillingi

Uppskriftin sem hann gefur lesendum er einmitt bleikja í taco en réttinum kynntist hann og lærði að útbúa hjá Ragnhildi Kjeld, kokkinum hjá auglýsingastofunni ENNEMM, en þar starfar Hreggviður sem grafískur hönnuður. „Hún er alger snillingur og hefur gefið mér mörg frábær ráð í matseldinni. Margir kaffibollar hafa runnið niður í eldhúsinu á ENNEMM meðan við ræðum um matseld, uppskriftir og þess háttar. Ég er reyndar búinn að setja fingraför mín á réttinn með ýmsum hliðarsporum, t.d. malaðan negul. Hann er alveg meiriháttar lúmskur í allt sem tengist salsaréttum.“

## Bleikju-taco-uppskrift

Uppskrift fyrir 3-4

**Fiskurinn:**

**2 bleikjuflök**
**Old El Paso taco kryddblanda**
**Jamie Oliver thyme lemon and bay salt (fæst í Krónunni)**
**Malaður negull**
**Rifinn límónubörkur**

Skerið flökin í u.þ.b. 3 cm bita og stráið taco-kryddinu yfir. Rífið börk af heilli límónu yfir bitana. Skutlið filmu yfir og setjið í ísskáp í 1-2 tíma. Setjið bitana næst á smjörpappír í eldfast mót. Stráið möluðum negul yfir, kryddið með Jamie Oliver saltinu og setjið í heitan ofn á 200 gráðum í u.þ.b. 10 mínútur.

### Meðlæti

**Rauðkálsstrimlar:**

**Rauðkál , ¼ af haus**
**Límónusafi**
**Olía**
**Taco-krydd**
**Pipar**
**Malaður negull**

Skerið rauðkálið þunnt, í um 2 mm strimla og bleytið í þeim með olíu. Kreistið límónusafa yfir og kryddið létt með taco-kryddinu. Fínt er að undirbúa rauðkálið á sama tíma og fiskinn svo það mýkist aðeins.

### Taco-sósa

**4 tómatar**
**2 hvítlauksgeirar**
**1 ferskur rauður chili**
**½ dl olía**
**1 tsk. ground cumin**

**Klettasalat, gott búnt**
**6-8 blöð fersk mynta**
**Smá salt og pipar eftir smekk**

Skellið öllu í blandara þar til innihaldið líkist graut eða sósu (smekksatriði). Kreistið smá límónusafa yfir í lokin.

### Mangósalat

**1 mangó, smátt skorið**
**1 lárpera, smátt skorin**
**Niðursoðinn jalapeño, saxaður**
**Kóríander, saxað**
**½ rauðlaukur, saxaður eftir smekk**
**1 tómatur, smátt skorinn**
**Límónusafi**

Blandið öllu saman í skál.

### Skeljar

**12 Harðar taco-skeljar**

Gott að hita skeljarnar í ofni í smástund.
Nauðsynlegt er að bera fram ferskt klettasalat og saxaðan kóríander með réttinum.

HEILSURÆKT

Veglegt sérblað Fréttablaðsins
um heilsurækt kemur út 24. ágúst nk.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss
í langmest lesna dagblaði landsins.



Nánari upplýsingar um blaðið veitir
Jón Ívar Vilhelmsson markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 512 5429 / jonivar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ




# EKKI BARA AUGNAKONFEKT

## HELDUR ERU FLUGUHJÓLIN FRÁ ALFA STÚTFULL AF ORKU





ALFA +
VERÐ FRÁ
**KR 28.950,-**

ALFA + línan kemur í 4 stærðarflokkum og henta fyrir allt frá léttum silungsstöngum að minni tvíhendum.



ALFA INFINITY
VERÐ FRÁ
**KR 53.550,-**

ALFA INFINITY línan kemur í 2 stærðarflokkum og henta fyrir allar tvíhendur, stærri einhendur, og hafa bremsukraft til að stöðva stærstu Tarpon fiska, hákarla, og seglfiska.

FULLKOMIN FINNSK GÆÐAHÖNNUN!

Þúsundir um heim allan eru farnir að þekkja fluguhjólin frá ALFA vegna hins ótrúlega glæsilega litavals sem boðið er upp á.
Hið ótrúlega fallega litróf sem í boði er, fær innblástur úr náttúrunni, og þá sérstaklega norðurljósunum.

Hjólin eru rennd úr heilli hágæða 6061 álblokk, og koma með ofurnákvæmri marglaga koltrefjabremsu, sem hefur verið prófuð til hins ýtrasta.

Öll hjólin frá Alfa Fishing eru jafnvíg í sjávarveiði, sem og í ferskvatnsveiði, og eru mörg stærri Alfa hjólin, vinsæl sjóveiðihjól á stærri einhendur.
**- þetta eru hjól sem henta fullkomlega við allar íslenskar aðstæður!**



UMPQUA eru með þeim fremstu í heiminum í hönnun og framleiðslu á töskum og hirslum ætluðum fyrir fluguveiði, og hafa unnið til fjölmargra alþjóðlegra verðlauna.
Bakpokar, mittistöskur, sling-bags, chest bags.

UMPQUA
VERÐ FRÁ
**KR 6.390,-**



## Guideline Bullet fyrir alla veiði

& Wychwood línurnar vinsælu
VERÐ FRÁ 7.800,-



## VEIÐITÖSKUR Í ÚRVALI

Mikið úrval af veiðitöskum, bakpokum, sling bags, mittistöskum, og græjugeymslum!



BOATMAN
**KR 17.890,-**

20% AFSLÁTTUR

## 20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ALFA HJÓLUM

Verslaðu þér flugustöng frá Wychwood eða Guideline hjá Flugubúllunni og nældu þér í 20% afslátt af Alfa hjóli fyrir stöngina

## FLUGUBARINN

er stútfullur af ljúffengum flugum fyrir alla veiði
VERÐ FRÁ 200 KR STK!



VÖNDUÐU FLUGUVEIÐIVÖRURNAR - MÖGULEGA BESTA VERÐIÐ Í BÆNUM

GUIDELINE It's all about the experience · FULLINGMILL · Wychwood · Korkers · UMPQUA · ALFA

HLÍÐASMÁRI 13
201 KÓPAVOGUR
SÍMAR: 833 6440 / 833 6441
Opið virka daga frá 16:00 til 20:00
Laugardaga opið frá 11:00 til 16:00

info@flugubullan.is
http://www.flugubullan.is
facebook.com/flugubullan/

FLUGU Búllan

# Skotveiðin hefst

Skotveiðimenn eru eflaust farnir að iða í skinninu eftir að geta mundað byssurnar sínar. Upplýsingar um hin ýmsu veiðitímabil má finna á vef Umhverfisstofnunar. Þar kemur til dæmis fram að gæsaveiðitímabilið hefjist núna á mánudaginn, 20. ágúst, en þá má skjóta grágæs og heiðagæs.

Langflest skotveiðitímabil hefjast síðan þann 1. september. Þá er leyfilegt að skjóta fjölmargar andategundir, ýmsar mávategundir, skarfa og fleiri fugla.

Hreindýraveiðin er reyndar löngu byrjuð en hreindýrstarfa má veiða frá 15. júlí til 15. september og hreindýrskýr frá 1. ágúst til 20. september. Sérstök leyfi þarf þó til að veiða slík dýr.

Eflaust eru einhverjir farnir að huga að jólamatnum en Umhverfisstofnun hefur nú þegar gefið út hvaða daga rjúpnaveiðar verða leyfilegar þetta árið.



Gæsaveiðitímabilið hefst á mánudaginn. NORDICPHOTOS/GETTY

## Rjúpnaveiðar 2018

**Fjöldi veiðidaga er 12 og skiptast þeir á fjórar helgar. Síðustu helgina í október og fyrstu þrjár í nóvember.**

- Föstudaginn 26. október, laugardaginn 27. október og sunnudaginn 28. október.
- Föstudaginn 2. nóvember, laugardaginn 3. nóvember og sunnudaginn 4. nóvember.
- Föstudaginn 9. nóvember, laugardaginn 10. nóvember og sunnudaginn 11. nóvember.
- Föstudaginn 16. nóvember, laugardaginn 17. nóvember og sunnudaginn 18. nóvember.



## Þór þrumuguð mótaði laxinn

Útskýringu á sköpulagi laxins er að finna í norrænni goðafræði. Sagan segir að Loki Laufeyjarson hafi brugðið sér í lax líki til þess að forðast reiði ásanna en til hennar hafði Loki unnið þegar hann varð valdur að dauða Baldurs hins góða. Æsirnir fóru með net á eftir Loka í Fránangursfoss til að veiða hann og skiptu liði. Þór stóð í miðri ánni og þegar Loki reyndi að hlaupa yfir netið, greip Þór á eftir honum og tók um hann „og renndi hann í hendi honum svo að staðar nam höndin við sporðinn. Og er fyrir þá sök laxinn afturmjór,“ segir í Snorra-Eddu.



## Ljúffengt gæsapaté

**450 grömm gæsalifur**
**6 msk. sérrí eða portvín**
**14 msk. ósalt smjör**
**2 skalottlaukar, saxaðir**
**1 hvítlauksgeiri, marinn**
**1 msk. ferskt timjan, saxað**
**¼ bolli rjómi**
**Salt og pipar**

Hreinsið lifrarnar, þerrið og setjið í litla skál. Hellið sérríi yfir og látið standa í ísskáp í tvo klukkutíma
Bræðið 3 msk. af smjöri á pönnu. Bætið lauk, hvítlauk og timjan út í og hrærið 3-4 mínútur.
Hellið vökvanum af lifrunum í litla skál og bætið þeim út á pönnuna, látið malla í 3-4 mínútur. Bætið þá vökvanum sem hellt var af lifrunum út á pönnuna og látið malla í tvær mínútur. Dembið öllu í blandara og þeytið þar til blandan er orðin mjúk. Bætið þá 3 msk. af smjöri við og þeytið aftur. Hellið svo rjómanum út í og púlsið þar til allt er komið saman. Saltið og piprið.
Mokið blöndunni í form og kælið í ísskáp í klukkutíma.
Bræðið það sem eftir er af smjörinu (8 msk.) og hellið yfir og setjið aftur í kæli yfir nótt.

www.foodblogmafia.wordpress.com



# 30% afsláttur

## af skólavörum

föstudag, laugardag og sunnudag






BÓKABÚÐ
MÁLS & MENNINGAR
LAUGAVEGI 18

Opið alla daga til kl. 22.00
facebook.com/malogmenning

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

## Fellihýsi



**FLOTT FELLIHÝSI**
Fleetwood Americana Santa Fe árgerð 2007, með fortjaldi, markhýsu, tv og fl. Verð 890þús eða tilboð. Uppl. í s. 663 3313

## Þjónusta

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

### Garðyrkja

**HELLULAGNIR**
**LÓÐAFRAMKVÆMDIR**
- Jarðvinna
- Drenlagnir
- Hellulagnir
- Þökulagnir

☎ 788 8870
eind@eind.is
Eind ehf

### Húsaviðhald

**HÚSAVIÐGERÐIR**
**ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI**
- Smíðavinna
- Múrvinna
- Málningarvinna

☎ 788 8870
eind@eind.is
Eind ehf

Smiðir geta bætt sig verkefnum. Uppl. í s. 783 6006

Tökum að okkur flísalagnir og viðgerðir bæði utanhús og innanhús. Upplýsingar í s:618-7712

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Keypt & Selt

### Til sölu




Kassagítarar í úrvali Gitarinn ehf Kassagítarar á tilboði Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is




HUMARSALAN

Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Heilsa

### Nudd



**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

Góð 70fm,3 herb íbúð til leigu í Stórholti. Laus strax, leiguverð 220.000 þ. uppl. í s: 898-8212

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is




## Húsnæði til sölu



**1 HÚS EFTIR 2018!**
Flott hús, 39 ferm. 2 svefnh.og 2 baðherb. stór stofa og eldhús. Fullbúið og tilbúið að flytja inn. Sendi teikn.og myndir og uppl. Plug and play! Verð 7,3 millj. Uppl. 820-5181

## Atvinna

## Atvinna í boði

**BAKARI / KAFFIHÚS**
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakari frá kl. 7:30 -15:00.
Íslensku kunnátta skilyrði og ekki yngri enn 20 ára.
**Uppl. sendist á : sveinsbakari@sveinsbakari.is**

**AÐSTOÐAMAÐUR BAKARA ÓSKAST**
Óskast í bakari í Breiðholti íslensku kunnátta skilyrði
**Uppl. sendist á : sveinsbakari@sveinsbakari.is**

**LITALÍNAN EHF**
Óskar eftir lærðum málurum og menn vana málningarvinnu einnig nema. Uppl. í S. 898 9591 & 896 5445

Heimaás

**KRANAMAÐUR / BYGGINGARVINNA**
Heimaás óskar eftir að ráða kranamann í byggingarvinnu.

Nánari uppl. í s. 8956820 Guðmundur

heimaas@heimaas.is merkt "atvinna"

Heimaás

**SMIÐUR/UPPMÆLING**

**NEMI Í HÚSASMÍÐI**
Heimaás óskar eftir að ráða smiði í uppsláttarvinnu (greitt samkv.mælingartaxta) og nema á samning í húsasmíði.

Nánari uppl. í s. 8956820 Guðmundur

heimaas@heimaas.is merkt "atvinna"

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

## Tilkynningar

## Afmæliskveðjur



Elsku Sólin fagnar örfáum árum, skilur ,"vinahópinn" eftir í sárum.

Flytur þvert á milli meginlandsins út í eitt,
skilur hánið Tyffa eftir reitt.

Erfiðar en ekta situr hópurinn heima,
þykist ætla á sig hlaupaskóna að reima,
hlaupa maraþon, stunda jóga og vakna snemma:

En í raun er þetta drykkja, söknuður og almenn dilemma.
**Love you elsku kellingin okkar.**

**-Erfiðar, en ekta.**

Ástar- og afmæliskveðjur, elsku Sól.

- Siggi, Silja og Stefanía Estel

Starfsfólk NORR11 á Íslandi og velunnarar verslunarinnar óska Júlíönu Sól til hamingju með 29 ára afmælið.

Tillykke med fødselsdagen kære Júlíana Sól.

Vi håber at du får en god dag.

Dine venner hos Boxið.is

## Fasteignir

**534 1020**
Ármúla 7, Reykjavík - www.jofur.is

**JÖFUR**
ATVINNUHÚSNÆÐI



| Bergsveinn | Sigurður J. | Helgi Már | Magnús | Ólafur |
|---|---|---|---|---|
| S: 863 5868 | S: 534 1026 | S: 897 7086 | S: 861 0511 | S: 824 6703 |



# TIL LEIGU

**Grandagarður 13 – 101 Rvk**
**Gerð:** Verslunar- og skrifstofuhúsnæði
**Stærð:** 196,8 m²
Allar nánari upplýsingar veitir:



**Bergsveinn Ólafsson**
Löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, löggiltur leigumiðlari og rekstrarfræðingur
**863 5868 | 534 1028**
**bergsveinn@jofur.is**

Til leigu verslunar- og skrifstofuhúsnæði að Grandagarði 13, 101 Reykjavík, alls um 196,8 fm. Laust í júní 2018. Í boði er langtíma leigusamningur. Húsnæðið býður upp á ýmsa möguleika fyrir verslunar eða veitingastarfsemi. Mikil uppbygging er fyrirhuguð á þessu svæði á næstu árum.
Á jarðhæð er verslunarrými með góðum verslunargluggum út að götu. Bakatil er aðkoma og bílastæði.
Gengið er upp á 2. hæð um sameiginlegan stigagang þar sem eru sameiginlegar snyrtingar.
Á hæðinni er eldhús, tvær skrifstofur og opið vinnurými.
Neðri hæð er 80,3 fm., efri hæð 93,0 fm. og hlutdeild í sameign 23,5 fm.

**Sérhæfum okkur í sölu og leigu á atvinnuhúsnæði**
**Pantaðu verðmat eða skoðun – 534 1020 // sala@jofur.is**

# Við mönnum stöðuna

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

**www.capacent.is**

## Fasteignir

# Þingvellir



Vel staðsett 36,1fm sumarhús á 2000fm eignalóð að Kvistalundi 6.

Bústaðurinn skiptist í : stofu, herbergi, eldhús, baðherbergi og geymslu.
Húsið þarfnast viðhalds. Lóðin er gróinn með fallegum trjám.
Veröndin er fram með austur, suður og vestur hlið hússins.
Rafmagn og vatn er tengt í bústaðinn.
Bústaðurinn er vel staðsettur í göngufæri við Þingvallavatn og er hverfið lokað af með rafmagnshliði. Allt innbú fylgir húsinu.

Nánari upplýsingar veitir Helgi Jónsson
Löggiltur fasteignasali í síma : 780-2700
eða á helgi@miklaborg.is

Verð: **9,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
- með þér alla leið -

## Skemmtanir

# CATALINA
CAFÉ • RESTAURANT • SPORTBAR

*Best geymda leyndarmál Kópavogs*

Gullnáman

**HEPPNI Í KEPPNI**

Gullnáman

**GLÆSILEGUR SPILASALUR**
*Komdu og freistaðu gæfunnar!*

**LIFANDI TÓNLIST**



HLJÓMSVEITIN
**SMELLUR**
*Spilar fyrir dansi*
**FÖSTUDAG & LAUGARDAG**
**FRÁ KL. 00.00 - 03.00**

**HAPPY HOUR ALLA DAGA FRÁ 16-19**

**HEITUR MATUR ALLA DAGA 11-21**

**SÍMI 554 2166**
HAMRABORG 11 • 200 KÓPAVOGUR

**WWW.CATALINA.IS**

## Merkisatburðir

**1924** Antonio Locatelli, ítalskur flugmaður, kemur til Reykjavíkur á flugbáti.

**1945** Indónesía lýsir yfir sjálfstæði.

**1946** Valgerður Þorsteinsdóttir verður fyrst íslenskra kvenna til að ljúka einkaflugmannsprófi.

**1972** Alþjóðadómstóllinn í Haag hafnar röksemdum Íslendinga í landhelgismálinu.

**1980** Eldfjallið Hekla tekur að gjósa.

**1982** Fyrstu geisladiskarnir fara á markað í Þýskalandi. Á þeim eru valsar eftir Chopin, í flutningi Claudio Arrau.

# Fólk áttar sig á að það geti minnkað vistsporið sitt

**Matar- og blómamarkaði verður slegið upp í Svaðastaðahöll á Sauðárkróki um helgina, með afurðir úr auðlindum nærumhverfisins, bæði til sjávar og sveita. Rakel Halldórsdóttir ráðgjafi veit meira um málið enda er hún nánast guðmóðir slíkra markaða.**

Það er duglegt og drífandi fólk hér í Skagafirði og mikill frumkvöðlakraftur sem svífur yfir vötnum. Allmargir eru komnir með leyfi til heimavinnslu afurða, vottuð eldhús og fjölbreytta ræktun,“ segir Rakel Halldórsdóttir, ráðgjafi hjá Matís, og áður verslunarmaður í Frú Laugu í Reykjavík. Hún kom á fót sveitamarkaði í húsi Þjóðminjasafnsins á Hofsósi í sumar og nú verður hann fluttur í Svaðastaðahöllina á Sauðárkróki um helgina.

Stórsamkoman Sveitasæla verður nefnilega haldin á Króknum, það er landbúnaðarsýning og bændahátíð og Rakel segir fjölbreytt og skemmtilegt úrval úr matarkistu Skagafjarðar verða á boðstólum á markaðinum. Hún nefnir kornhænuegg, hunang, hákarl, kryddjurtir, pestó og nýsprottið, útiræktað grænmeti sem dæmi, auk alls konar fisk- og kjötmetis í úrvali. „Hér ræktar fólk meira að segja rósir til sölu,“ upplýsir hún.

Rakel hefur búið síðasta árið á Hofsósi, er flutt aftur suður en sinnir þó verkefnum í Skagafirði á vegum Matís áfram. Hún er mikill talsmaður þess að bændur og aðrir matvælaframleiðendur selji afurðir beint frá býli og segir mikla framþróun í þeirri grein vera að eiga sér stað. „Fólk áttar sig á að það geti minnkað vistsporið sitt með því að eiga í viðskiptum innan síns nærumhverfis og það er vinsælt bæði af heimamönnum og gestum.“

Víðsvegar um heiminn er árþúsundahefð fyrir svona mörkuðum, bendir Rakel á. „Fólk leitar að því sem einkennir svæðið og heillast af hugmyndinni um að njóta afurða, handverks, stemningar og menningar á hverjum stað,“ segir hún og bætir við: „Markaðirnir ýta líka undir nýsköpun og eru liður í að viðhalda byggð í dreifbýlinu.“

gun@frettabladid.is



**Harpa Árnadóttir myndlistarmaður, Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður, Rakel Halldórsdóttir ráðgjafi og dóttir hennar, María Anna Arnarsdóttir.**

> **Hér ræktar fólk meira að segja rósir til sölu.**

---



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar og tengdamóðir,

**Hrafnhildur Árnadóttir**

Akurhvarfi 5, Kópavogi,

lést á líknardeild Landspítalans miðvikudaginn 15. ágúst síðastliðinn. Útförin verður auglýst síðar.

**Páll P. Theódórs**
**Árni Björn Pálsson** **Sylvía Sigurbjörnsdóttir**
**Fannar Pálsson** **Hekla Fjölnisdóttir**
**Hlynur Pálsson** **Lea Marie Drastrup**

---



✝

Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðbjörg O. Valdimarsdóttir**

Furugerði 9,

sem lést á Landspítalanum í Fossvogi þann 11. ágúst, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 21. ágúst klukkan 15. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

**Ólafur Eggertsson** **Anna María Snorradóttir**
**Sjöfn Eggertsdóttir** **Guðmundur Davíðsson**
**Inga Sonja Eggertsdóttir** **Rúnar Valsson**
**Þröstur Eggertsson** **Anna J. Jónsdóttir**
**Ragnar Eggertsson** **Kristjana Guðrún Friðriksdóttir**
**Bjarni V. Eggertsson** **Osvör Oscarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

**Alda Jóhannesdóttir**

frá Auðnum, Akranesi, síðast til heimilis að Höfða, hjúkrunar- og dvalarheimili,

lést laugardaginn 11. ágúst. Útförin fer fram frá Akraneskirkju þriðjudaginn 21. ágúst kl. 13. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Höfða.

**Guðmunda Ólafsdóttir** **Þröstur Stefánsson**
**Sigurbjörg Þrastardóttir** **Tómas Guðni Eggertsson**
**Alda Þrastardóttir**
**Þröstur Elvar, Hildur Ása og Sigurbjörg Helga**

---



✝

Elsku mamma mín, dóttir okkar, systir og frænka,

**Edda Björk Gunnarsdóttir**

Lyngmóum 8, Garðabæ,

andaðist á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 12. ágúst. Útför hennar fer fram frá Vídalínskirkju í Garðabæ mánudaginn 20. ágúst klukkan 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á bankareikning dóttur hennar 318-18-550033 kt. 120311 2550.

**Fanney Ósk Eiríksdóttir**
**Lára Björnsdóttir** **Gunnar Sæmundsson**
**Björn Jóhann Gunnarsson**
**Anna Lára B. Björnsdóttir**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

---



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**Kristinn Halldór Jóhannsson**

lést á heimili sínu þriðjudaginn 14. ágúst. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 21. ágúst kl. 13.30. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Heimahlynningu á Akureyri.

**Margrét Alfreðsdóttir**
**Alfa Björk Kristinsdóttir** **Magnús Björnsson**
**Signý Þöll Kristinsdóttir** **Viktor Pálsson**
**Jóhann Kristinsson** **Hulda Þórhallsdóttir**
**afabörn.**

---



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Ólafur Ragnar Magnússon**

prentari, áður til heimilis að Hraunbæ 103 og Grenimel 43, Reykjavík,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Sóltúni 10. ágúst sl. Útför fer fram frá Dómkirkjunni 22. ágúst kl. 13.00.

**Valgerður Guðrún Ólafsdóttir**
**Margrét Ólafsdóttir** **Már Viðar Másson**
**Pála Kristín Ólafsdóttir** **Kristján Björn Ólafsson**
**Kristinn Axel Ólafsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Þökkum öllum þeim sem sýnt hafa okkur kærleik og samúð vegna andláts elsku sonar, stjúpsonar, bróður og barnabarns,

**Birgis Imsland**

ráðgjafa í Klettabæ.

Hans er sárt saknað, blessuð sé minning hans.

**Fyrir hönd annarra ástvina,**
**Ómar Imsland** **Hildur Björg Hrólfsdóttir**
**Ragnar Imsland**
**Arnar Imsland** **Alexandra Dís Unudóttir**
**Bragi Þ. Sigurðsson** **Sigurlaug Sveinsdóttir**
**Ragnar Imsland** **Júlía Imsland**

---



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Þórey Kristín Aðalsteinsdóttir**

Norðurbyggð 16, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri 12. ágúst. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju miðvikudaginn 22. ágúst kl. 13.30.

**Pétur Ingólfsson**
**Unnsteinn Pétursson** **Sigurbjörg Guðlaugsdóttir**
**Aðalsteinn Pétursson** **Guðlaug Þorsteinsdóttir**
**Ingólfur Pétursson** **Kristjana Kristjánsdóttir**
**Hermann Pétursson** **Anna Geirlaug Kjartansdóttir**
**Kristinn Ingi Pétursson** **Sólborg Matthíasdóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**

GLAMOUR

# Verslunarhandbók Glamour og Smáralindar er komin út!




*Kíktu við í Smáralind og gríptu með þér frítt eintak!*

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Föstudagur

Gengur í austan- og norðaustanátt og verður sums staðar strekkingur sunnan- og vestanlands. Búast má við vætu um mestallt land, minnst þó á Vesturlandi. Hiti kringum 10 stigin.




## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 10° | 9° | 9° |
| ↘6 | →7 | ↘8 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 8° | 13° | 5° |
| ↘10 | ↓9 | ↓8 |

## Sunnudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 10° | 8° | 12° |
| ↗5 | ↑7 | ↗3 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 11° | 12° | 7° |
| ↗2 | ←5 | ↑7 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 8 | | 5 | | | | 7 |
| | 1 | 6 | 4 | | 7 | | 5 | |
| | | 7 | 8 | | | | | |
| | | 9 | | | 7 | | | |
| 4 | | 3 | 9 | 6 | 1 | | | |
| 1 | | | | 7 | | 9 | 6 | |
| 9 | | | | 2 | 5 | 8 | | 4 |
| | | | | 8 | 3 | | 2 | |
| 8 | 6 | | | 4 | | 1 | 3 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | 2 | 6 | | | 7 |
| | 9 | | | | 7 | | 6 | 1 |
| | | 8 | | | | 9 | | |
| 4 | | | | | 9 | | | 2 |
| | 8 | 9 | 1 | | | | | 6 |
| 1 | | 3 | 5 | | | | | |
| | | | | | | 2 | | |
| | | | | | | | 1 | 8 |
| 5 | 4 | 2 | 8 | | 1 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | 7 | 2 | 4 |
| 4 | | 6 | | | 3 | | 5 | |
| | | | | 5 | | | | |
| | 5 | 8 | 2 | | | | | 6 |
| | 4 | | 6 | | | | | |
| 2 | | | | 4 | | | | |
| | | | | | | 6 | | |
| | 2 | 1 | 7 | | | 9 | | 8 |
| 6 | | 9 | 5 | 8 | | | | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 9 | 6 | 1 | 2 | 5 | 8 | 4 |
| 8 | 1 | 4 | 3 | 7 | 5 | 6 | 9 | 2 |
| 2 | 5 | 6 | 8 | 9 | 4 | 1 | 3 | 7 |
| 6 | 9 | 3 | 4 | 2 | 8 | 7 | 1 | 5 |
| 4 | 8 | 1 | 7 | 5 | 3 | 2 | 6 | 9 |
| 5 | 2 | 7 | 9 | 6 | 1 | 3 | 4 | 8 |
| 9 | 6 | 8 | 5 | 3 | 7 | 4 | 2 | 1 |
| 7 | 3 | 2 | 1 | 4 | 9 | 8 | 5 | 6 |
| 1 | 4 | 5 | 2 | 8 | 6 | 9 | 7 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 1 | 9 | 2 | 8 | 5 | 3 | 6 | 7 |
| 8 | 6 | 3 | 9 | 1 | 7 | 5 | 2 | 4 |
| 2 | 5 | 7 | 3 | 4 | 6 | 9 | 8 | 1 |
| 9 | 7 | 8 | 6 | 5 | 3 | 4 | 1 | 2 |
| 1 | 2 | 6 | 7 | 9 | 4 | 8 | 5 | 3 |
| 3 | 4 | 5 | 8 | 2 | 1 | 6 | 7 | 9 |
| 5 | 8 | 4 | 1 | 7 | 9 | 2 | 3 | 6 |
| 6 | 9 | 1 | 5 | 3 | 2 | 7 | 4 | 8 |
| 7 | 3 | 2 | 4 | 6 | 8 | 1 | 9 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 2 | 9 | 5 | 7 | 3 | 1 | 8 |
| 7 | 8 | 3 | 6 | 1 | 2 | 5 | 9 | 4 |
| 5 | 9 | 1 | 8 | 4 | 3 | 7 | 2 | 6 |
| 9 | 1 | 4 | 7 | 2 | 5 | 6 | 8 | 3 |
| 6 | 3 | 7 | 1 | 8 | 4 | 9 | 5 | 2 |
| 8 | 2 | 5 | 3 | 6 | 9 | 1 | 4 | 7 |
| 1 | 4 | 9 | 2 | 7 | 6 | 8 | 3 | 5 |
| 2 | 7 | 8 | 5 | 3 | 1 | 4 | 6 | 9 |
| 3 | 5 | 6 | 4 | 9 | 8 | 2 | 7 | 1 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. slúta
5. ílát
6. skóli
8. gróp
10. í röð
11. þjófnaður
12. sykrað
13. tónlist
15. granaldin
17. nýfallinn snjór

**LÓÐRÉTT**
1. braka
2. keppni
3. hluti verkfæris
4. stöðvun
7. glettast
9. vaskleiki
12. frárn
14. fugl
16. frá

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1. slota, 5. ker, 6. fg, 8. riffla, 10. jk, 11. rán, 12. sætt, 13. fönk, 15. ananas, 17. drift. **LÓÐRÉTT:** 1. skrjáfa, 2. leik, 3. orf, 4. aflát, 7. gantast, 9. frækni, 12. snar, 14. önd, 16. af.

## Skák Gunnar Björnsson

Sergey Karjakin (2.773) átti leik gegn Maxime Vachier-Lagrave (2.789) á Sinquefield-mótinu. Þrátt fyrir hafa drottningu meira þarf svartur að hafa fyrir hlutunum.

**Svartur á leik**

**35.… Da5!** (35.… Dg1 gengur líka). **36. Bf6! Dc5! 37. f8D Dxf8+ 38. Kxf8 Re4 39. Kf7 Rxg4+ 40. Bxg5 Kd6** og jafntefli samið nokkru síðar. Karjakin sagði eftir skákina að hann hefði verið með skákina nánast alla á eldhúsborðinu.

**www.skak.is:** Nýjustu skákfréttir.





# FRÉTTABLAÐIÐ er Helgarblaðið

**Ætlar að njóta lífsins**
„Ég er engin hetja og auðvitað takast alls konar tilfinningar á," segir **Karl Sigurbjörnsson** fyrrverandi biskup sem glímir við krabbamein.





**Fer maraþonið á hjólabretti**
**Christopher Koch** fæddist bæði handa- og fótalaus. Hann tekur þátt í Reykjavíkurmaraþoninu.

**Allir liðir í stuði**
Dansarinn **Þyri Huld** kynntist lifandi fæði fyrir tæpum tveimur árum og hefur aldrei liðið betur.



**Menningarnótt handan við hornið**
**Fjögur frækin** velja sér áhugaverða viðburði.

**Fréttablaðið – ómissandi hluti af góðri helgi**


## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




HVAR ENDA
ÞÍN ÁHRIF?
Akstur undir áhrifum vímuefna er aldrei réttlætanlegur.
Minningarsjóður Lovísu Hrundar | lovisahrund.is
Brandenburg | SÍA

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Íslenskur
**KJÚKLINGUR**
á góðu verði




**679** kr. kg.

**Bónus Kjúklingaleggir**
Ferskir

**SAMA VERÐ UM LAND ALLT**

**NÝJAR UMBÚÐIR**




**498** kr. 400g

**Smjörvi**
400 g




**359** kr. 600 g

**Kellogg's Múslí**
Með súkkulaði, 600 g




**459** kr. 1 kg

**Kellogg's Corn Flakes**
1 kg




**179** kr. 2 l

**Kristall Mexican-Lime**
2 lítrar




**98** kr. 500 ml

**Kristall Mexican-Lime**
500 ml




**398** kr. 340 g

**Himneskt Hnetusmjör**
Fínt eða gróft, 340 g




**398** kr. 4 stk.

**Epli Pink Lady**
650 g, 4 stk.




**198** kr. stk.

**Nutra C vítamín**
20 stk. freyðitöflur, 3 teg.

**RÍFUR VEL Í**




**498** kr. 200 ml

**Himneskt Engiferskot**
200 ml, lífrænt

Verð gildir til og með **19. ágúst** eða meðan birgðir endast.

**100% ÍSLENSKT**
ungnautakjöt







**498**
kr. 2x120 g

**Smash Style Hamborgarar**
2x120 g og 2x140 g

**129**
kr. 2 stk.

**Smash Style Hamborgarabrauð**
2 stk. í pakka

**NÝTT Í BÓNUS**







**398**
kr. 149 g

**Smash Style Hamborgarakrydd**
149 g

**298**
kr. 250 ml

**Smash Style Hamborgarasósa**
250 ml






**698**
kr. pk.

**Nicky Salernispappír**
12 rúllur, 3ja laga




Aðeins **20kr.** pr. þvottur

**1.679**
kr. pk.

**Fairy Uppþvottavélatöflur**
184 stk. í kassa




**1.598**
kr. pk.

**Ariel Original Þvottaefni**
Fljótandi, 57 þvottar

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00

# Myndin er eins og barn sem farið er að heiman

**Svanurinn, mynd Ásu Helgu Hjörleifsdóttur, er kominn í almennar sýningar í stórborgum Ameríku og fær þar jákvæða dóma. Áður hefur hann flogið víða á kvikmyndahátíðir og hlotið fern verðlaun á því ferðalagi.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Hún situr í New York sólinni þegar ég hringi, hún Ása Helga Hjörleifsdóttir kvikmyndaleikstjóri. Þangað fór hún til að vera á frumsýningu Svansins, hinnar margverðlaunuðu myndar sinnar sem hefur flogið víða um heim síðasta árið á kvikmyndahátíðir og er nú komin í almennar sýningar þar vestra. Slík velgengni hlotnast íslenskum kvikmyndum ekki á hverjum degi, svo tilefni er til viðtals við leikstjórann. En ég er ekki sú eina sem er á þeim buxunum því Ása Helga er á leið í annað viðtal í New York um leið og þessu sleppir. „Það er mikið að gera í kringum Svaninn, bæði viðtöl við fjölmiðla og einnig eru strax byrjaðir að streyma inn dómar. Það kom mér á óvart að dómar birtast á undan frumsýningu hér,“ segir hún og nefnir sem dæmi jákvæða dóma sem birtust nýlega í kvikmyndatímaritinu rogerebert.com og í Village Voice, sem er víðlesið og rótgróið blað í borginni og þekkt fyrir góða menningarumfjöllun.

Ása Helga kann vel við sig í heimsborginni enda hagvön þar. „Ég lærði kvikmyndagerð hér í New York og byrjaði að skrifa handritið að Svaninum meðan ég var í náminu þannig að það er sérstaklega skemmtilegt fyrir mig að koma eiginlega „með myndina aftur heim“,“ segir hún.

Um komandi helgi verður Svanurinn einnig tekinn til almennra sýninga í mekka kvikmyndanna, Los Angeles. Ása Helga er að vonum ánægð. „Það var auðvitað langþráður draumur okkar sem stöndum að Svaninum að hann yrði sýndur í þessum tveimur stórborgum sem eru báðar miklir suðupottar hvað varðar kvikmyndir. Það er alls ekki sjálfgefið að komast þar að en miðað við umtalið um Svaninn og áhugann sem honum er sýndur þá er svo sannarlega mikill markaður fyrir svona mynd í þessum borgum.“




Ása Helga utan við bíóhús í heimsborginni New York.

Nú bið ég Ásu Helgu að rifja aðeins upp það ferðalag sem Svanurinn á að baki. Veit að hún hefur ferðast milli ótal kvikmyndahátíða í heiminum og hlotið mörg verðlaun.

„Já, þetta hefur verið mikið ævintýri. Myndin var frumsýnd á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Torontó í september í fyrra og hreyfði strax við áhorfendum. Síðan hefur hún fengið fern alþjóðleg verðlaun. Þau fyrstu á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Kolkata á Indlandi, en fjárhagslega eru það ein stærstu verðlaun sem veitt eru í þessum bransa og breyttu miklu fyrir mig. Myndin var valin besta myndin á kvikmyndahátíðinni í Kaíró og síðan fékk hún heiðursverðlaun dómnefndar bæði í Santa Barbara í Kaliforníu og á Skip City, einni stærstu kvikmyndahátíð í Japan sem haldin var í síðasta mánuði.“

**ÞAÐ VAR AUÐVITAÐ LANGÞRÁÐUR DRAUMUR OKKAR SEM STÖNDUM AÐ SVANINUM AÐ HANN YRÐI SÝNDUR Í ÞESSUM TVEIMUR STÓRBORGUM SEM ERU BÁÐAR MIKLIR SUÐUPOTTAR HVAÐ VARÐAR KVIKMYNDIR.**





Gríma Valsdóttir í hlutverki hinnar ungu og hugsandi Sólar.

Ása Helga segir hátíðarúntinn frábæran til að skapa orðspor fyrir myndir en að lokamarkmiðið sé auðvitað alltaf að þær fari í almennar sýningar. „Auk Íslands hefur Svanurinn verið sýndur í bíóhúsum í nokkrum Evrópulöndum og Kína. En nú er það Ameríka, það er stærsti sigurinn, bæði fyrir myndina og mig persónulega, enda er ég með annan fótinn í New York hvað vinnu varðar. Ég er að þróa tvær nýjar myndir núna, önnur þeirra er íslensk og hin er amerísk, og ég er einmitt líka að funda út af þeirri mynd hér í New York. Hvenær þessar myndir fara á hvíta tjaldið veit ég ekki. Það fer eftir ýmsu, meðal annars styrkjum, hvenær peningar koma inn fyrir hvora mynd fyrir sig.“

Ekki vill Ása Helga gefa of mikið upp um hinar væntanlegu myndir. „En auðvitað er það Svanurinn sem leiddi mig inn í þessi tvö nýju atvinnutækifæri,“ tekur hún fram.

Það sem stendur upp úr á þessari heimsreisu Svansins, sem er engan veginn lokið, er að sjá og finna hversu vel myndin nær til fólks, að sögn Ásu Helgu. „Þessar tilfinningar sem sagan byggir á eru svo sammannlegar og það er líka gaman að sjá hvernig myndin talar bara sínu máli núorðið, ég get ekki haft nein áhrif á hana lengur. Hún er bara eins og barn sem farið er að heiman,“ segir hún og bendir á að Svanurinn sé í sýningum í Bíói Paradís út ágústmánuð.

# Nýja og gamla Ísland á tónleikum í Hörpu

**TÓNLIST**

**Kórtónleikar**

★★★★☆

**Kvennakórinn Esprit de Choeur flutti íslenska og vestur-íslenska dagskrá.**

**Stjórnandi:** Valdine Anderson
**Píanóleikari:** Rachel Dyck
**Slagverk:** Chris Maxfield

**Kaldalón í Hörpu**
mánudaginn 13. ágúst

Íslendingar flykktust til Kanada á nítjándu öld, enda ömurlegt að búa hér á þeim tíma. Hvorki meira né minna en fjórðungur þjóðarinnar lét sig hverfa. Megnið af landnemunum settist að í Manitóba og stofnsetti nýlenduna Nýja Ísland við vestanvert Winnipegvatn. Núna búa þar um hundrað þúsund manns sem eru afkomendur landnemanna.

Þessi sterka tenging á milli landanna var í brennidepli á tónleikum í Kaldalóni í Hörpu á mánudagskvöldið. Þar kom fram kvennakórinn Esprit de Choeur, en þriðjungur kórfélaga er af íslensku bergi brotinn, þ. á m. kórstjórinn, Valdine Anderson.



Kraftmikill söngurinn og grípandi tónlistin hitti alltaf beint í mark.

Greinilegt var að mikið var lagt í tónleikana. Efnisskráin var margbrotin og skartaði gnægð tónverka sem voru afar hugmyndarík. Maður hafði heyrt fæst af þeim áður, því um er að ræða músík eftir kanadísk samtímatónskáld. Annað var svo eftir Dolly Parton og svo voru þarna líka lífleg þjóðlög.

Eitt af samtímatónskáldunum, David Scott, var sérstaklega beðinn um að semja tónlist fyrir tónleikaferðina. Textinn samanstóð af þremur ljóðum eftir íslenskt skáld, Magnús Sigurðsson. Þau voru örstutt en áleitin í einfaldleika sínum. Tónlistin var mun víðfeðmari, full af skemmtilegum litbrigðum, spennandi framvindu og hugvitsamlegri þróun sem endaði á fjörlegum hápunkti.

**EFNISSKRÁIN VAR MARGBROTIN OG SKARTAÐI GNÆGÐ TÓNVERKA SEM VORU AFAR HUGMYNDARÍK.**

Nokkur sígild íslensk lög voru flutt. Nöfn tónskáldanna vantaði í fáeinum tilfellum í tónleikaskrána, en þar voru aðeins textahöfundarnir nefndir. Lögin voru m.a. Draumalandið eftir Sigfús Einarsson og Nótt eftir Árna Thorsteinsson.

Söngur kórsins var glæsilegur. Raddirnar voru tærar og þéttar, í góðu styrkleikajafnvægi. Túlkunin var ávallt þrungin rétta andrúmsloftinu, gædd snerpu og léttleika, en heillandi angurvær inn á milli. Hljóðfæraleikur, sem fór reyndar lítið fyrir, var einnig með ágætum, nákvæmur og fagmannlegur.

Nokkrir einsöngvarar úr röðum kórsins tóku lagið og þar var áhrifamesti söngurinn í höndunum á Heather Kozak. Hann var voldugur, röddin kröftug og fókuseruð. Hljómburðurinn í Kaldalóni fór einsöngvurunum þó ekki vel, og kórnum ekki heldur. Hann er alltof þurr og hentar engan veginn söngvurum. Furðulegt var að tónleikarnir skyldu ekki vera haldnir í Norðurljósum, sem er mun heppilegri salur fyrir svona tónleika.

Fyrir utan þetta með hljómburðinn voru tónleikarnir magnaðir. Kraftmikill söngurinn og grípandi tónlistin hitti alltaf beint í mark. Aukalagið, Halelúja eftir Leonard Cohen, var dásamlegt, fullt af hlýju og einlægni. Megi Esprit de Choeur koma hingað fljótt aftur og syngja þá í betri sal. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA**: Fagur kórsöngur og fögur tónlist, frábærir tónleikar.



Samsung S9 með
veglegri viðbót
50 GB
fylgja
IconX
heyrnartól
að verðmæti
34.990 kr.
fylgja
Samsung Galaxy S9
109.990 kr. staðgreitt
Kynntu þér frábær skólatilboð
á snjöllum græjum í næstu
verslun eða á vodafone.is
Framtíðin er spennandi.
Ertu til?
vodafone

# Hvað Hvenær Hvar Föstudagur

hvar@frettabladid.is

## 17. ÁGÚST

### Tónlist

**Hvað?** Hamell on Trial
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Frystiklefinn, Rifi,
Ed Hamell, sem kemur fram undir sviðsnafninu Hamell on Trial, er þekkt vörumerki í neðanjarðar- og andspyrnusenunni vestan hafs. Hamell spilar kraftmikið rokk og ról á kassagítar og sækir áhrif í ýmsa strauma bandarískrar tónlistarhefðar. Textarnir er hárbeittir og flæðandi og gegnsýrðir af svörtum húmor og Hamell reytir af sér brandara milli laga. Aðgangseyrir er 2.500 krónur.

**Hvað?** Á móti sól
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Hard Rock
Það verður nostalgía og almenn gleði sem ráða ríkjum þegar „strákarnir“ í Á móti sól leika í Hard Rock kjallaranum. Hljómsveitin ætlar að leika öll sín vinsælustu lög auk nokkurra klassískra slagara sem eru í gríðarlegu uppáhaldi hjá þeim. Þetta eru einu tónleikar Á móti sól sem fyrirhugaðir eru í höfuðborginni á þessu ári.

**Hvað?** GDRN útgáfupartí
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Prikið
Í dag gefur GDRN ásamt tvíeykinu ra:tio út sína fyrstu plötu. Af því tilefni verður útgáfufagnaður haldinn á Prikinu frá 21.00-00.00 Hinn geðþekki 101 Savage tekur svo við eftir miðnætti og spilar fram að lokun.

**Hvað?** Egill Spegill á Paloma
**Hvenær?** 23.00
**Hvar?** Paloma, Naustunum
Í samstarfi við Egil Spegil ætlar Paloma að halda sitt fyrsta hipphoppkvöld og opna tónlistarsenu staðarins. Húsið verður opnað á slaginu 23.00, Happy Hour á barnum frá 23.00-01.00. Hlökkum til að sjá ykkur á nýjum og endurbættum Paloma.

**Hvað?** Karaoke: The hits!
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Loftið

**Hvað?** Mali Sastri & Tvíund
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Mali Sastri er söngkona, lagahöfundur og tónskáld frá Boston, Massachusetts. Tvíund skipa tónlistarkonurnar Ólöf Þorvarðsdóttir og Guðrún Edda Gunnarsdóttir. Þær Guðrún og Mali kynntust í Voice Movement Therapy í London fyrir mörgum árum og hér leiða þær saman hesta sína á ný ásamt Ólöfu. Á efnisskránni eru frumsamin verk og spunaverk fyrir raddir, hljómborð og fiðlu.

**Hvað?** Pönk og tölvutónlist á Gauknum
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Gaukurinn
ROHT, Inland Shrines, Spünk og Skoffín ætla að bjóða upp á pönksamsuðu á Gauknum og verður frítt inn. ROHT er truflað tvíeyki sem gerir kraftmikið og drungalegt hávaðarokk með industrial ívafi. Inland Shrines býr til tilraunakennda tölvutónlist sem kannski er hægt að dansa við ef stemning leyfir. Pönkið lifir. Spünk er hrátt hávaðapönk (spönk?) sem hristir fólk upp úr andleysi miðbæjarlífernisins. Skoffín eru indie-rock nýliðar sem lofa einstaklega góðu og eru enn ein sönnunin fyrir því að rokkið lifir.



Á móti sól verður með sína einu tónleika í kjallaranum á Hard Rock í kvöld þar sem nostalgían mun ráða ríkjum.











### Viðburðir

**Hvað?** Jóga
**Hvenær?** 07-19
**Hvar?** Sendiráð Indlands, Túngötu 7
Frítt jóga á hverjum degi í sendiráði Indlands á Túngötu 7, 101 Reykjavík. Tímar 7-8 fyrir lengra komna, 8-9 fyrir byrjendur, 17-18 fyrir byrjendur, 18-19 fyrir alla. Það er lokað um helgar, og á miðvikudögum er einungis „Yoga Theory“ kl 17.00. Fólk er beðið um að mæta með mottu.

**Hvað?** Office Space – föstudagspartísýning
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Bíó Paradís
Maður nokkur sem vinnur á skrifstofu fer í dáleiðslumeðferð til að losa um streitu því að yfirmaður hans er svo óþolandi. Þegar dáleiðari hans fellur frá í miðri meðferð, fer skrifstofulífið að hlaupa með hann í gönur. Stórskemmtileg gamanmynd sem löngu er orðin költklassík, eftir Mike Judge.

**Hvað?** Mamma Mia! Here We Go Again, sing-along
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Laugarásbíó
Það var svo gaman síðast og því ætlum við að halda aðra singalong sýningu á Mamma Mia! Here We Go Again, í samstarfi við Guðbjörgu Ósk hjá osk.is og Víking léttöl! Sýningin verður í Laugarásbíói föstudaginn 17. ágúst kl. 20.00. Missið ekki af þessari skemmtun og tryggið ykkur miða strax!

**Hvað?** Latin night á Hressó
**Hvenær?** 23.00
**Hvar?** Hressingarskálinn
Komið og njótið kvöldsins, boðið verður upp á allt það besta í salsa, bachata, kizomba, rokki, brazilian funk, pachanga og latin dance. Allir eru velkomnir á danskvöldið.

**Hvað?** Kees Visser – Sýningaropnun
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Berg, Klapparstíg 16
Kees Visser (f. 1948) hefur sýnt mikið – á Íslandi, í Hollandi, Frakklandi og víða annars staðar. Jafnvel þegar hann sýnir verk á pappír minna sýningar hans á innsetningar því hann tekur mið af rými og arkitektúr með því t.d. að sýna verkin liggjandi á borðum auk þess að hengja þau á veggina. Verkin á sýningunni í Berg Contemporary eru afurð langrar rannsóknar og eins konar framhald af einlitu verkunum en talsvert flóknari, bæði í lit og formi. Kees málar á stórar pappírsarkir geómetríska fleti í skyldum litum og beitir yfirmálun til að draga fram litina og gefa verkunum kristalsáferðina sem hann hann er þekktur fyrir.



Andy Garcia og Cher rifja upp gamla takta í kvikmyndinni Mamma Mia! Here We Go Again sem hægt verður að syngja með í Laugarásbíói í kvöld.



Bikarúrslitaleikur kvenna fer fram á Laugardalsvelli í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Office Space í Bíói Paradís. Ofboðslega góð mynd sem hægt er að brosa yfir á stóra skjánum í Bíói Paradís.

### Íþróttir

**Hvað?** Bikarúrslitaleikur kvenna
**Hvenær?** 19.15
**Hvar?** Laugardalsvöllur
Stórleikur Stjörnunnar og Breiðabliks í Mjólkurbikarkeppni kvenna. Mætum og styðjum okkar lið! Mætum snemma. Miðasala á leikdegi á Laugardalsvelli. Frítt fyrir 16 ára og yngri. Flott upphitun fyrir Menningarnótt.

**Hvað?** Bubble-bolti í Hamarshöll
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Hamarshöllin, Hveragerði
Bubble-bolti, brjálað stuð. Smalið saman í 5 manna lið og takið þátt. Bubble-bolti er frábær skemmtun þar sem þátttakendur klæðast uppblásnum plastkúlum á meðan spilaður er fótbolti. Þátttökugjald 500 krónur.


BYRJAÐU DAGINN MEÐ
FRÉTTABLAÐINU
Lestu Fréttablað dagsins í snjalltækinu þínu, hvar og hvenær sem er!
FRÉTTABLAÐIÐ
Erum í þessu saman
Milljarða króna samfélag fúturista í Lóni
ÚTSALA
ÚTSALA
• Þú sækir appið frítt í Appstore eða Googleplay.
• Opnar blað dagsins.
• Lest þegar þér hentar!
Sæktu Fréttablaðsappið frítt!
Download on the
App Store
GET IT ON
Google Play

# DAGSKRÁ

## Föstudagur




**ASÍSKI DRAUMURINN**
KL. 19:25
Stórskemmtilegir þættir þar sem tvö lið þeysast um Asíu í kapphlaupi við tímann og freista þess að safna stigum með því að leysa ævintýralegar og afar fjölbreyttar þrautir. Liðin eru mönnuð snillingunum Audda, Pétri Jóhanni, Steinda og Sveppa.

Frábær föstudagur
Fáðu þér áskrift á stod2.is






**CURIOUS GEORGE**
KL. 19:55
Bráðfyndin og falleg teiknimynd fyrir alla fjölskylduna um ótrúlega gáfaðan apa sem gerist laumufarþegi á báti við litla hrifningu eigandans.




**OPENING NIGHT**
KL. 21:25
Fer sýningin ekki að byrja? Það gengur ýmislegt á og mörg ljón í veginum hjá Nick þegar frumsýning á verkinu One Hit Wonderland stendur fyrir dyrum. Stórskemmtileg gamanmynd í söngleikjastíl með Anne Heche í aðalhlutverki.

**THE SECRET IN THEIR EYES**
KL. 22:00
Þegar tilkynning berst um líkfund eru rannsóknarlögreglumennirnir Ray og Jessica send á staðinn. Spennumynd með Nicole Kidman, Juliu Roberts og Chiwetel Ejiofor.



Allt þetta og meira til á aðeins 9.990 kr.
stod2.is

### STÖÐ 2

**07.00** Blíða og Blær
**07.25** Strákarnir
**07.50** Tommi og Jenni
**08.10** The Middle
**08.30** Ellen
**09.10** Bold and the Beautiful
**09.30** Doctors
**10.15** Restaurant Startup
**11.00** The Goldbergs
**11.20** Veistu hver ég var?
**12.10** Feðgar á ferð
**12.35** Nágrannar
**13.05** Batman Begins
**15.30** Josie: The Most Hated Woman In Britain?
**16.25** Satt eða logið
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Fréttayfirlit og veður
**19.25** Asíski draumurinn
**19.55** Curious George
**21.20** Opening Night Gamanmynd frá 2016 með Topher Grace, Anne Heche, Taye Diggs og fleiri stórgóðum leikurum. Nick er framleiðslustjóri í leikhúsi á Broadway en hann var sjálfur á árum áður upprennandi stjarna áður en ferill hans brann út. Í kvöld fær hann um nóg að hugsa því frumsýning á verkinu One Hit Wonderland stendur fyrir dyrum þar sem aðalstjarnan er N Sync-meðlimurinn J.C. Chasez. Í mörg horn er að líta en aðalvandinn felst í að hafa hemil á öllum sem leika í sýningunni, þar á meðal á fyrrverandi unnustu Nicks sem getur gert hann gráhærðan með útlistunum sínum á sambandi þeirra í allra manna áheyrn.
**22.50** Two Wrongs Spennutryllir frá 2015 um einstæða móður sem lendir í þeirri skelfilegu lífsreynslu að dóttur hennar er rænt og til þess að reyna að finna hana aftur neyðist hún til að gera óhugnanlega hluti.
**00.25** Silence Dramatísk og söguleg mynd frá 2017 með Liam Neeson í aðalhlutverki og í leikstjórn Martin Scorsese.
**01.15** Hidden Figures
**03.00** Michelle Wolf: Nice Lady
**04.00** Batman Begins

### STÖÐ 2 SPORT

**07.05** Breiðablik - Víkingur Ó.
**08.45** Selfoss - Grindavík
**10.25** Arion Banka mótið
**11.00** New York Jets - Washington Redskins
**13.20** Pepsi-mörkin
**14.50** Premier League World
**15.20** Breiðablik - Víkingur Ó.
**17.00** Selfoss - Grindavík
**18.45** Stjarnan - Breiðablik
**21.15** Arion Banka mótið
**21.50** PL Match Pack
**22.10** Premier League Preview
**22.40** La Liga Report
**23.10** Búrið
**23.45** Real Betis - Levante

### STÖÐ 2 SPORT 2

**08.20** Bournemouth - Cardiff
**10.00** Newcastle - Tottenham
**11.40** Fulham - Crystal Palace
**13.20** Watford - Brighton
**15.00** Arsenal - Manchester City
**16.40** Messan
**18.10** La Liga Report
**18.40** Birmingham - Swansea
**20.45** Arion Banka mótið
**21.20** Pepsi-mörkin
**22.45** Stjarnan - Breiðablik

### STÖÐ 3

**19.10** Kevin Can Wait
**19.35** Last Man Standing
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** The Simpsons
**21.15** American Dad
**21.40** Bob's Burgers
**22.05** Silicon Valley
**22.35** Schitt's Creek
**23.00** Eastbound & Down
**23.35** Kevin Can Wait
**23.55** Last Man Standing
**00.45** Friends
**01.10** Tónlist

### STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.00** Könnuðurinn Dóra
**07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**07.47** Doddi litli og Eyrnastór
**08.00** Áfram Diego, áfram!
**08.24** Svampur Sveinsson
**08.49** Lalli
**08.54** Rasmus Klumpur og félagar
**09.00** Strumparnir
**09.25** Ævintýraferðin
**09.37** Hvellur keppnisbíll
**09.49** Gulla og grænjaxlarnir
**10.00** Stóri og litli
**10.13** Tindur
**10.23** Mæja býfluga
**10.35** K3
**10.46** Óskastund með Skoppu og Skrítlu
**11.00** Könnuðurinn Dóra
**11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**11.47** Doddi litli og Eyrnastór
**12.00** Áfram Diego, áfram!
**12.24** Svampur Sveinsson
**12.49** Lalli
**12.54** Rasmus Klumpur og félagar
**13.00** Strumparnir
**13.25** Ævintýraferðin
**13.37** Hvellur keppnisbíll
**13.49** Gulla og grænjaxlarnir
**14.00** Stóri og litli
**14.13** Tindur
**14.23** Mæja býfluga
**14.35** K3
**14.46** Óskastund með Skoppu og Skrítlu
**15.00** Könnuðurinn Dóra
**15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**15.47** Doddi litli og Eyrnastór
**16.00** Áfram Diego, áfram!
**16.24** Svampur Sveinsson
**16.49** Lalli
**16.54** Rasmus Klumpur og félagar
**17.00** Strumparnir
**17.25** Ævintýraferðin
**17.37** Hvellur keppnisbíll
**17.49** Gulla og grænjaxlarnir
**18.00** Stóri og litli
**18.13** Tindur
**18.23** Mæja býfluga
**18.35** K3
**18.46** Óskastund með Skoppu og Skrítlu
**19.00** Lego Batman myndin

### GOLFSTÖÐIN

**08.50** Inside the PGA Tour 2018
**09.15** Wyndham Championship
**12.15** Golfing World 2018
**13.05** Inside the PGA Tour 2018
**13.30** Indy Women in Tech Championship
**16.00** Indy Women in Tech Championship
**18.35** Inside the PGA Tour 2018
**19.00** Wyndham Championship
**22.00** Indy Women in Tech Championship

### STÖÐ 2 BÍÓ

**09.15** The Portrait of a Lady
**11.35** Ghostbusters
**13.30** The Day After Tomorrow
**15.35** The Portrait of a Lady
**18.00** Ghostbusters Ævintýraleg gamanmynd frá 2016 með Kristen Wiig , Melissa McCarthy, Chris Hemsworth, Kevin James, Bill Murray og fleiri frábærum leikurum.
**19.55** The Day After Tomorrow
**22.00** The Secret In Their Eyes
**23.50** The Exception Vönduð mynd frá 2016 með Lily James og Christopher Plummer í aðalhlutverki. Þegar nasistar komast á snoðir um ferðir bresks njósnara í kringum höll Vilhjálms II, fyrrverandi Þýskalandskeisara senda þeir einn manna sinna á svæðið. Sá lendir hins vegar á milli steins og sleggju þegar hann verður ástfanginn af þjónustustúlku keisarans sem á grugguga fortíð að baki.
**01.35** Bernard og Doris
**03.20** The Secret in Their Eyes

### RÚV

**13.00** Úr Gullkistu RÚV: Útsvar 2007-2008
**13.50** Bækur og staðir
**14.00** Úr Gullkistu RÚV: 89 á stöðinni
**14.15** Óskalög þjóðarinnar
**15.20** Marteinn
**15.45** Eyðibýli
**16.25** Símamyndasmiðir
**16.55** Hundalíf
**17.05** Blómabarnið
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Froskur og vinir hans
**18.08** Rán og Sævar
**18.19** Letibjörn og læmingjarnir
**18.25** Hvergidrengir
**18.50** Vísindahorn Ævars
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.40** Fjörskyldan
**20.25** Poirot - Morð í þremur þáttum
**22.00** Óþekktur
**23.40** Albúm
**00.40** White Bird in a Blizzard
**02.05** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

### SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** Dr. Phil
**08.45** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**09.30** The Late Late Show with James Corden
**10.15** Síminn + Spotify
**11.45** Everybody Loves Raymond
**12.05** King of Queens
**12.30** How I Met Your Mother
**12.55** Dr. Phil
**13.40** Solsidan
**14.05** LA to Vegas
**14.30** Who Is America?
**15.00** Family Guy
**15.25** Glee
**16.15** Everybody Loves Raymond
**16.40** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**19.00** America's Funniest Home Videos
**19.30** The Biggest Loser
**21.00** Closed Circuit
**22.40** Ant-Man
**01.20** MacGyver
**02.05** The Crossing
**02.50** Valor
**03.35** The Good Fight
**04.20** Star
**05.05** I'm Dying Up Here
**05.50** Síminn + Spotify

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


Kjörís
Ísdagur
Þorir þú að smakka
sænskan Surströmming-ís
eða ís í raspi? Aðgangur er
ókeypis og allir velkomnir.
Við hlökkum til að
sjá þig í Hveragerði!
LAUGARDAGINN 18. ÁGÚST
kl. 13:00 – 16:00
Gói • Salka Sól • Ingó
Latibær – Leikfélag Hveragerðis
Hara systur með ABBA syrpu
BRÓS hjólastrákar
Hjalti og hreystibrautin
Brandenburg / SÍA



Það er gott að eiga eina dragt í fataskápnum fyrir veturinn. Finndu þinn uppáhaldslit, því allt mun ganga í vetur. Hvítur stuttermabolur passar vel við.



Rykfrakkinn er ein klassískasta flíkin í fataskápnum, en hann verður mjög áberandi í haust. Nú er tilvalið að nota hann, áður en kuldinn skellur á.

# Aftur í vinnuna

Nú eru flestir mættir aftur til vinnu eftir sumarið, rútínan er tekin við og þá vill maður oft eitthvað nýtt í fataskápinn. En stundum vantar okkur bara hugmyndir að því hverju við getum klæðst í vinnuna, og hér er Glamour með svarið.



Húrra Reykjavík
Wood Wood
49.995 kr.



Zara
4.595 kr.



GK Reykjavík
2ND DAY
44.995 kr.



Silkiblússa og gallabuxur eru alltaf flott saman, fyrir þá vinnustaði sem leyfa aðeins afslappaðri klæðnað. En fyrir haustið skaltu leita að gallabuxum sem eru víðari en venjulega og háar í mittið.



Dragtarjakki í köflóttu mynstri eða í fallegum jarðarlit er flík sem þú munt ekki fá leiða á í vetur. Gengur upp við flest, en er flottur við gallabuxur.

GLAMOUR

Farðu inn á Glamour.is og fáðu daglegar fréttir úr heimi hönnunar, lífsstíls og tísku.
• Facebook • Instagram • Twitter

## Landsfundur Flokks fólksins

**Landsfundur Flokks fólksins verður haldinn helgina 8. – 9. sept nk. á Center Hotel Plaza Aðalstræti 4, 101 Reykjavík og hefst kl. 13.00.**

Einungis fullgildir félagsmenn Flokks fólksins eiga þáttökurétt. Skráningu vegna framboða til trúnaðarstarfa fyrir flokkinn, ásamt skráningu til þáttöku á fundinn lýkur kl. 13.00 þann 5. sept.

Skráning fer fram með því að senda vefpóst á flokkurfolksins@flokkurfolksins.is eða með því að hringja í síma 831 6200 á almennum skrifstofutíma.

Nánar auglýst síðar á heimasíðu flokksins.

***Stjórnin***

flokkur FÓLKSINS

www.flokkurfolksins.is
Sími: 831 6200
flokkurfolksins@flokkurfolksins.is


Mjólkurbikarinn
MJÓLKURBIKAR KVENNA
ÚRSLIT
FÖS. 17.8.2018
18:45
BREIÐABLIK
SPORT
stod2.is
1817

# Hljóðmaður Guns N' Roses endaði óvænt á Bræðslunni



Atómstöðin rétt fyrir gigg á Bræðslunni ásamt Leon Fink hljóðmeistara lengst til hægri. MYND/ HEIÐA AÐALSTEINSDÓTTIR

Röð tilviljana skilaði **Leon Fink**, einum af hljóðsérfræðingum bandarísku rokkhljómsveitarinnar Guns N' Roses alla leið á Borgarfjörð eystri í kjölfar vel heppnaðra tónleika sveitarinnar á Laugardalsvelli fyrir skemmstu. Þar hljóðblandaði hann tónleika Atómstöðvarinnar gegn ókeypis gistingu.

Hann var ráðinn um miðja nótt á öldurhúsi í höfuðborginni með nokkurra daga fyrirvara til að hljóðblanda hljómsveitina Atómstöðina og fékk greitt í ókeypis gistingu í firðinum," segir Óli Rúnar Jónsson, gítarleikari Atómstöðvarinnar en hljómsveitin naut góðs af kunnáttu sjálfs Leons Fink, eins af hljóðmönnum Guns N' Roses.

Atómstöðin var með tónleika á Gauknum, daginn eftir risatónleika Guns N' Roses, ásamt hljómsveitinni Big Mint. Meðal tónleikagesta voru þrjú sem tengdust tónleikum Guns N' Roses: Umræddur Leon ásamt Maron Stills ljósmyndara og svokölluðum „tour manager" hljómsveitarinnar Tyler Bryant and the Shakedown, sem sá um upphitun fyrir Guns N' Roses.

„Þau komu svo til okkar eftir tónleikana, kynntu sig og sögðust hæstánægð með kvöldið. Síðar um nóttina bauðst Leon til að koma austur og mixa okkur á Bræðslunni sem var helgina eftir. Hann var þá nýbúinn að framlengja dvöl sína hérlendis í ljósi þess að þetta voru síðustu tónleikar Guns N' Roses í túrnum og fannst honum spennandi tilhugsun að skoða Ísland betur," segir Óli Rúnar.

Leon ætlaði að leigja sér bílaleigubíl og hitta hljómsveitina á Borgarfirði. „Okkur fannst þetta öllum mjög skemmtileg hugmynd einhvern tímann eftir miðnætti á Gauknum en áttum ekki endilega von á því að heyra frá þessum manni aftur.

Hins vegar lét hann í sér heyra strax daginn eftir og tilkynnti okkur að hann væri kominn með bíl og að leggja í hann austur. Úr varð að hann hljóðblandaði okkur á tónleikunum og fékk greitt í ókeypis gistingu hjá Viddu á gistiheimilinu í Álfheimum – sem hefur sennilega verið smá afsláttur frá vinnu hans við einn tekjuhæsta tónleikatúr sögunnar hjá Guns N' Roses," segir Óli.

Atómstöðin mun leika á Menningarnæturtónleikum Dillon á laugardaginn ásamt 10 öðrum tónlistaratriðum. Meðal listamanna sem koma fram eru Högni Egilsson, Bjartmar Guðlaugsson, Blaz Roca og fleiri og fara tónleikarnir fram í bakgarði Dillon á Laugavegi.



Axl Rose var í hörkuformi á Laugardalsvellinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRSTEINN



Atómstöðin að spila á umræddum tónleikum á Gauknum. MYND/MARON STILLS


**FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA**

**Sérblað um fyrirtæki sem þjónusta önnur fyrirtæki kemur út miðvikudaginn 22. ágúst.**

**Í þessu blaði geta fyrirtæki eða einstaklingar kynnt sína þjónustu í formi kynningar eða með hefðbundinni auglýsingu.**



**Nánari upplýsingar um blaðið veitir**

Jón Ívar Vilhelmsson markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 512 5429 / jonivar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ


**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli*@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga*@frettabladid.is*




Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

# POTTAPLÖNTUR

## 20-50% AFSLÁTTUR



-28%
**Sómakólfur**
11 cm pottur.
2.490kr
~~3.490kr~~
11328264



-50%
**Friðarlilja**
Í 9 cm potti.
745kr
~~1.490kr~~



-26%
**Monstera**
Rifblaðka.
Verð frá:
1.990kr
~~2.690kr~~



-26%
**Orkidea**
1.990kr
~~2.690kr~~
11325000



-50%
**Ástareldur**
599kr
~~1.199kr~~



-37%
**Drekatré**
19 cm pottur.
2.990kr
~~4.790kr~~



-50%
**Kaktusar og þykkblöðungar**
Margar gerðir, 6 cm pottur.
Verð frá:
399kr
~~799kr~~



**50% AFSLÁTTUR**
SUMARBLÓM OG TRJÁPLÖNTUR



-37%
**Drekatré**
3 stk., í potti
90/60/40 cm.
60/30/15 cm.
Verð frá:
4.990kr
~~7.990kr~~



Skoðaðu úrvalið í vefverslun
**blomaval.is**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**

**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Þórarins Þórarinssonar




## Madonna

Madonna varð sextíu ára í gær. Ótrúlegt en satt. Eða ekki. Aldur er aldrei jafn afstæður og í tilfelli Madonnu enda er hún sannkölluð kvenmynd eilífðarinnar. Hún er náttúruafl, síkvik og margbreytileg.

Madonna hefur farið eins og óstöðvandi stórfljót í gegnum samtímann. Hún er aldrei eins og þarf aldrei að laga sig að breyttum heimi vegna þess að hún sjálf er hreyfiaflið. Tískustraumar og stefnur hafa engin áhrif á Madonnu vegna þess að hún gefur tóninn og við dönsum með.

Madonna hefur aldrei boðið upp á málamiðlanir. Hún gefst aldrei upp og fær alltaf sínu framgengt. Með þessu ægivaldi sínu hefur hún átt sviðsljósið í rúma þrjá áratugi. Alltaf fersk. Alltaf ný. Alltaf ögrandi. Hún er aldrei eins en er samt alltaf Madonna.

Madonna er mósaíkhelgimynd. Amerískt íkon sem hefur haft meiri áhrif á menninguna en Marilyn Monroe, Elvis og Coca-Cola. Hún er kyntákn, brautryðjandi, frelsishetja kvenna og múrbrjótur sem hefur rústað alls konar tabúum af sinni mögnuðu einurð og festu.

Madonna hefur alltaf ögrað. Í henni sameinast meyjan, móðirin, hóran og gyðjan þannig að eðlilega hefur hún heillað, hrætt, ógnað og kallað yfir sig mótmæli, fordæmingar og tilraunir til sniðgöngu og þöggunar. Allt auðvitað fánýtt og vonlaust brölt pappakassa og leiðindaliðs sem skelfur á beinunum andspænis sjálfstæðri, frjálsri, kynósa konu sem lætur ekkert stöðva sig.

Einhliða ástarsamband okkar Madonnu hófst fyrir 34 árum, þegar ég var þrettán ára. Dáleiddur af stúlkunni framan á Like A Virgin-plötuumslaginu. Ég elskaði hana þá og ég elska hana enn. Heill þér, heilög Madonna!


OPIÐ 24 TÍMA

Opið allan sólarhringinn í öllum verslunum

Iceland

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.



VEFVERSLUN www.husgagnahollin.is ALLTAF OPIN

HELGAR SPRENGJA

FRÁ FÖSTUDEGI TIL MÁNUDAGS, 17.–20. ÁGUST



RIA

Nettir og einstaklega þægilegir tveggja og þriggja sæta sófar. Litir: Dusty Rose (sléttflauel) og slitsterkt dökkgrátt og grænt áklæði.

30% AFSLÁTTUR

2ja sæta: 152 × 83 × 79 cm

48.993 kr. ~~69.990 kr.~~

3ja sæta: 192 × 83 × 79 cm

55.993 kr. ~~79.990 kr.~~



CONNECT

Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Slitsterkt áklæði, antrazit. Stærð: 230 x 160 x 88 cm

30% AFSLÁTTUR

118.993 kr. ~~169.990 kr.~~



ALBERTA

Borðstofustóll, grátt eða svart PVC áklæði.

25% AFSLÁTTUR

6.743 kr. ~~8.990 kr.~~



LIF

Borðstofustóll. Svart PU leður og ljósgrátt áklæði.

30% AFSLÁTTUR

8.393 kr. ~~11.990 kr.~~



ASAMA

Borðstofustóll, svart og hvítt PU leður.

25% AFSLÁTTUR

10.493 kr. ~~13.990 kr.~~

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru. Gildir til 20. ágúst 2018 eða á meðan birgðir endast.*

**Reykjavík** Bíldshöfði 20 — **10 – 18** virka daga, **11 – 17** laugardaga, **13 – 17** sunnudaga

**Akureyri** Dalsbraut 1 — **10 – 18** virka daga, **11 – 16** laugardaga

**Ísafjörður** Skeiði 1

HÚSGAGNA HÖLLIN